

Alvara óhlýðninnar.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson
23 janúar 2012

Eitt er mikilvægt að gera sér fljótt grein fyrir í Guði. Hlýðni mín við Orð hans. Að vera Drottinn hlýðin er þó útilokað nema fyrir trú. Mikilvægi hlýðninnar sjáum við betur þegar við áttum okkur á þeim sannleika að engin maður sér lengra nefi sínu og engin maður veit um morgundaginn. Allt fólk sér núið, augnablikið, og tímanna að baki sem það getur metið en er samt liðinn. Allt fyrir framan manninn er framandi og þoku sveipað. Trúin kennir manninum að Drottinn hafi heildarmyndina og segist sjálfur vera upphafið og endirinn og öryggið búa allt í og með honum.

Víða í Biblíunni má finna menn sem hlýddu ekki Orðum Drottins og uppskáru í eigin lífi ógæfu sem oftast en ekki yfirfærðist á afkomendurna og bjó með kynslóunum langt inn í framtíðina. Mestu menn Biblíunnar og fólk sem við berum virðingu fyrir og lært margt af í gegnum okkar eigin trúargöngu voru á tímabili merktir óhlýðninni við vilja Guðs. Skoðum svolítið líf eins af þessum merkismönnum og fánaberum trúarinnar í gegnum árbúsundin og ekki þeim slakasta í trúarlegu tilliti. Byrjum hér:

„Ættartala Jesú Krists, sonar Davíðs, sonar Abrahams. **Abraham gat Ísak, Ísak gat Jakob, Jakob gat Júda og bræður hans.** „ (Matt 1:1-2) Hér segir að Abraham hafi getið Ísak og við sem þekkjum sögu Abrahams vitum að hann fékk fyrirheiti frá Guði um að hann myndi eignast son og að afkomendur hans yrðu fleiri en sandkornin á ströndinni og hann sjálfur „ Faðir margra þjóða. „ Þetta krafði Abraham um gríðarlega trú vegna staðreyndarinnar sem við blasti á þessum tíma og þeim sannleika að bæði voru hniginn að aldri og Sara, kona Abrahams, kominn úr barneign og það fyrir langa löngu. Menn vita að óalgegn er að fimmtug kona verði barnshafandi og gerist ekki nema í undantekningartilfellum og kannski bar alls ekki. Nema þá vegna inngrípa læknávisindanna. Sem er annað mál.

Munum að í upptalningu Matteusarguðspjalls er sagt frá því að Abraham hafi getið Ísak og Ísak Jakob, og svo framvegis. Og er þá ekki málið bara leist og góða ferli hafið? Frami fyrir Guði jú. En þetta segir okkur ekki alla sögu Abrahams því að á biðtímanum gerðist ýmislegt sem Guð bað aldrei um en óhlýðnin kom þó til leiðar og líka varð. Abraham, eins og líklega allir aðrir trúaðir menn hafna í á öllum tímum, glímdi við sína vantrú af þeirri ástæðu hve seint gekk með fyrirheitið. Þegar Guð talar er það alltaf afskaplega skírt sem erfitt er fyrir manninn að gleyma né kasta frá sér sem staðlausu. Á fyrirheitið reyndi og fór að hrikta verulega í er það dróst.

Hve oft skildi Abraham ekki hafa horft á konu sína og vegið og metið með sjálfum sér hvernig í ósköpunum hún gæti orðið þunguð svo rígfullorðin sem hún væri orðin? Konur barneignaraldri eru ungar og fara í flestum tilvikum úr barneign áður en miðjum aldri er náð og Sara kominn í flokk með gamla fólkinu en samt með fyrirheiti um að eignast barn og sitt fyrsta á ævinni. Að vera efins er eðlilegt séu málin skoðuð með huga holdsins og segir okkur berum orðum að engin geri vilja Guðs nema fyrir trú.

Allskonar svona hugsanir saman við aðrar fæddust og vangaveltur um eitt og annað er leit að þessu einkennilega og lítt skiljanlega máli í augum manns sem sá ekki lengra nefi sínu en

vildi samt trúa Guði. En kannski hafði honum þrátt fyrir allt yfirsést eða ekki náð öllu rétt sem Guð talaði. Kannski misskildi hann Orðin. Kannski, kannski, kannski. Allt þakið með efa.

Skoðum Biblíuna og sannfærumst sjálf um að efanum hefur tekist að læsa sig í bæði og þau um það bil að verða bráð óhlýðninnar:

„ Saraí kona Abrams ól honum ekki börn. En hún hafði egypsku ambátt, sem hét Hagar. Og Saraí sagði við Abram: Heyrðu, Drottinn hefir varnað mér barngetnaðar. Gakk því inn til ambáttar minnar, vera má að hún afli mér afkvæmis. Og Abram hlýddi orðum Saraí. Saraí, kona Abrams, tók Hagar hina egypsku, ambátt sína, er Abram hafði búið tíu ár í Kanaanlandi, og gaf manni sínum Abram hana fyrir konu. Og hann gekk inn til Hagar, og hún varð þunguð. En er hún vissi, að hún var með barni, fyrirleit hún húsmóður sína. „ (1Mós 16:1-4) - Eftir að ljóst var orðið að konan væri þunguð kom upp vandamál: „ fyrirleit hún húsmóður sína. „ - Átt við um Hagar. Munum að Guð nefndi aldrei Hagar heldur konuna sem Abraham var giftur og Biblían segir og heiti Saraí, seinna Sara, en ekki Hagar. Sara var ein en Hagar önnur kona og ekki með í áætlun Guðs að þessu leiti:

„ Og hann mælti: (Engillin sem birtist. Innskot höfundar) **Hagar, ambátt Saraí, hvaðan kemur þú og hvert ætlar þú að fara? Hún svaraði: Ég er á flótta frá Saraí, húsmóður minni. Og engill Drottins sagði við hana: Hverf þú heim aftur til húsmóður þinnar og gef þig undir hennar vald. Engill Drottins sagði við hana: Ég mun margfalda afkvæmi þitt, svo að það verði eigi talið fyrir fjölda sakir. Engill Drottins sagði við hana: Sjá, þú ert þunguð og munt son fæða. Hans nafn skalt þú kalla Ísmael, því að Drottinn hefir heyrt kveinstafi þína. Hann mun verða maður ólmur sem villiasni, hönd hans mun vera uppi á móti hverjum manni og hvers manns hönd uppi á móti honum, og hann mun búa andspænis öllum bræðrum sínum. Og hún nefndi Drottin, sem við hana talaði, Þú ert Guð, sem sér. Því að hún sagði: Ætli ég hafi einnig hér horft á eftir honum, sem hefir séð mig? Þess vegna heitir brunnurinn Beer-Lahaj-rói, en hann er á milli Kades og Bered. „ (1Mós 16:8-14)**

Við sjáum að vantrúin og óhlýðnin bita í þessu tilfelli strax frá sér með alvarlegu afleiðingum og þó meira inn í framtíðinni. Blessað barnið sem þarna er komið undir og fæddist svo á sínum tíma fékk nafnið Ísmael sem Arabaþjóðirnar er sprotnar af. Við þekkjum vandamálið sem við er að eiga þar gagnvart Ísrael. Ísraelsmenn glíma en við vanda sem sprottin er af óhlýðni eins manns úr þeirra eigin ættlegg.

Abraham hins vegar gat ekki hafa séð þessar afleiðingar fyrirfram en trúin hins vegar hefði hjálpað til og hann hlýtt. menn hlýða nefnilega Guð í trú. Trú og hlýðni haldast í hendur. Guð skildi málið frá byrjun og talaði því skírt við þjón sinn og nefndi nafn Saraí sem konuna sem myndi ala honum og þeim afkvæmi. Biðtíminn eins og oft áður reyndist manningum erfiðari heldur en hann sjálfur hugði og greip á einu stigi biðarinnar til eigin athugana og svo ráða og komst að niðurstöðu sem var algerlega á skjön við vilja Guðs. Og gat af sér vandamál sem þjóðirnar æ síðan hafa þurft að eiga við og í raun allur heimurinn hefur skoðun á. Gyðinghatur er ekki bundið við eitt ákveðið land heldur er það að finna i mörgum löndum og kannski hverju landi fyrir sig þó misjafnlega fyrirferðarmikið sé í ríkjunum. Allt vegna efa, vantrúar og óhlýðni Abrahams og konu hans Söru sem trúði ekki og fékk Hagar til að sinna hlutverki sem Guð sagði um við Abraham að Sara ætti að gera og Sara vissi um af orðum

eiginmanns síns. Hér sjáum við líka að Guð sjálfur velur fólk til verka, hvað svo sem verkið er. Einnig þar er mikilvægt að hlýða og stíga fram og trúa.

Hvernig sem menn taka svona boðskap er sannleikurinn sá að endalausar samningaviðræður og friðarumleitaniir fyrir botni Miðjarðarhafsins teygja rætur sínar inn í tjald Abrahams sem glímdi en því miður ekki til sigurs í þetta skipti. Vandamálið hófst með fæðingu Ísmaels sem getin var við Hagar. Ekki er samt svo að skilja að Ísmael þessi sé verri maður en hver annar. Enda ekkert verið að fjalla um það sérstaka mál hér. Áætlun Guðs vara bara önnur. Um Ísak er getið í ættartölu Jesú en hvergi minnst á Ísmael þótt báðir eigi Abraham að föður. Ísak er maðurinn sem Guð talaði um og við sjáum af lestri ættartölunnar í fyrsta kafla Mattuesarguðspjalls.

Þegar Ísmael svo fæddist var Abraham áttatíu og sex ára gamall og kona hans á líklega svipuðu reki. Hve langt er um liðið frá samræðum Guðs við manninn skal ósagt látið en líkur má þó leiða að því að hann sé allnokkur og að allskonar umræður og þælingar hafi farið fram á milli hjónanna um þetta atriði og kannski ekki alltaf á mjög hughreystandi nótum, eins og oft er þegar biðin lengist og efasemdirnar koma og fara að vild og spurningar hrannast upp og fátt um svör og biðin bara heldur áfram. Abraham var í engu öðruvísi en annað fólk og við vitum að venjulegt fólk bregst svona og hinsegin við og á mis gott með að bíða. Hjá flestum reynist allur biðtími erfiðasta og versta þraut:

„ Er Abram var níutíu og níu ára gamall, birtist Drottinn honum og sagði: Ég er Almáttugur Guð. Gakk þú fyrir mínu augliti og ver grandvar, þá vil ég gjöra sáttmála milli mín og þín, og margfalda þig mikillega. Þá féll Abram fram á ásýðnu sína, og Guð talaði við hann og sagði: Sjá, það er ég, sem hefi gjört við þig sáttmála, og þú skalt verða faðir margra þjóða. Því skalt þú eigi lengur nefnast Abram, heldur skalt þú heita Abraham, því að föður margra þjóða gjöri ég þig. „ (1Mós 17:1-5) Hér ofar kom fram að er Ísmael fæddist var Abraham 86. ára gamall en er komin fast að tíræðu er Guð birtist honum og segir: **„ Faðir margra þjóða „** – ásamt að gefa honum nýtt nafn sem breyttist úr Abram í Abraham. Og ekki yngist kona hans fremur en hann sjálfur. Þetta er, kærur vinur, hreinlega ekkert að ganga upp hjá okkur. Og við erum ekki að tala um neina glasafríðvgun. Faðir margra þjóða og allt eðlilega gert, en þó ekki miðað við aldur fólksins, og svo framvegis.

Við sjáum, skoðað á mannlegan hátt, að ekki er neitt undrunarefni þó að Abraham leggi saman tvo og tvo og fái útkomu sem var ekki vilji Guðs og beinlínis úr öllum takti við Orð Drottins sem hann talaði til mannsins. Þetta segir á skíran hátt að allt fólk þarfnist trúar og þolinmæði til að gera það sem Guð ætlast til af því og eina leiðin fyrir það, hvern sem er, til að fá hlýtt Guði. Þegar svo þrautin er unnin birtist dýrð Drottins og maðurinn kemst að raun um að Drottinn er sannorður en gerir allt á sínum fyrirfram gefna tíma sem hann einn veit um hver er en ekki maðurinn.

Á settri stund Guðs, mikilvægt að hugleiða, rættist svo allur vilji Guðs í ferlinu er Sara finnur á sjálfri sér að líf er kviknað í kviði hennar þrátt fyrir að hún sjálf sé löngu búin að gefa frá sér allan möguleiki á þungun og að ganga með barni og veiklaðist vitaskuld í trú sinni eftir því sem að árunum fjölgar og líkaminn slitnar og gerist hrörlegri. Þetta getum við vel skilið og einnig mikilvægi þess að eiga til mikið af trú sem fær starfað og virkjað þolinmæðina sem þrautir vinnur allar.

Munum hér að skoðun fólks og hið venjulega sem lífið sjálft kennir hverri manneskju takmarkar Guð ekki á nokkurn hátt sem getur allt enn krefur fólk um úthald og að halda í

Orðin sem Guð hefur þegar talað og munu ganga í uppfyllingu en fær ekki gerst nema fyrir mátt trúar. Aftur lesum við orðið trú sem ákveðin lykil.

Af þolinmæðinni fæðist traust á Guði sem svíkur ekki en reynist svo mörgum vera erfiður ljár í þúfu þegar á reynir og biðtíminn vill bara lengjast og virðist ekki ætla að enda. Trúin þarf sem sjá má að vaxa en ekki minnka. Dali hún er voðin vís og við að öllum líkindum merkjast andstyggilegri óhlýðninni sem tefur verk Guðs of oft í mannheimum.

Guð hefur talað og þá stendur það þar. Einnig í tilfelli Abrahams. Dag einn kom nefnilega drengur í heiminn er fékk nafnið Ísak og lendir í ættartölu Jesú öndvert við hálfbróðir sinn Ísmael greyið sem er ekki þar og þessu nafni aldrei ætlaður staður á þeim merka lista frekar en mínu nafni og þínu. Ísmael var sem sagt ekki fyrirheitisbarn né heldur ætlaður sem leggur í ættartré Jesú.

Sjáið hvað hlýðnin er mikilvæg og hve Drottinn er nákvæmur í öllu sem hann gerir. Drottinn fúskar ekki við sín verk. Það má öllum vera ljóst. Ísak skildi koma og taka sitt sæti í áætlun Guðs og lenda á listanum og vera með í síðasta lið áætlunarinnar um fæðingu Jesú og frelsisverkinu sem Jesú kom til að inna af hendi. Og líka gerði með þeirri reisn sem Guðs Syni sæmir. Vandinn sem inn kom við botn Miðjarðahafsins var vegna ákvörðunar og óhlýðni fólks, eins manns, kannski tveggja, við vilja Guðs. Óhlýðni sem fóðruð var og nærð af vantrú og efa. Afskaplega óheppileg blanda sem of margir reyndar sula í sig. Allt vel þekkt fyrirbæri í heimi manna sem Guð veit af og tekst dægri löng á við til að rétt af stefnu af völdum óhlýðinnar.

Hlýðni við Orð Guðs firrir fólki öllum vandræðagangi og er hlutverk trúarinnar að gera mannum ljóst og notar til þess aðferðir sem Drottinn sjálfur hefur boðið og við fáum úr kennslunni, predikuninni og í samfélaginu við aðra trúaða í kirkjunni sem elska þetta Orð sem til að mynda talað var til Abrahams forðum. Hefði það ekki komið til og viðbrögð Abrahams og Söru konu hans væru svona skrif og kennsla útilokuð. En Orðin eru til og verkið var gert og ég og þú megum hafa af lærdóm og skilja betur hví hlýðni við Guðs Orð er svo mikilvægt öllu fólki. Við fáum þetta staðfest af sjálfri sögunni og fréttir dagsins ítrekað staðfesta og búum að því leiti til betur en blessaður Abraham sem þessi saga reyndar hófst á og stendur enn á þúsundum síðar en við eigum til betri skilning á en hann.

Lítum aftur í yndisleika Orðsins:

„ Sveinninn óx og var vaninn af brjósti, og Abraham gjörði mikla veislu þann dag, sem Ísak var tekinn af brjósti. En Sara sá son Hagar hinnar egypsku, er hún hafði fætt Abraham, að leik með Ísak, syni hennar. Þá sagði hún við Abraham: Rek þú burt ambátt þessa og son hennar, því að ekki skal sonur þessarar ambáttar taka arf með syni mínum, með Ísak. En Abraham sárnaði þetta mjög vegna sonar síns. Þá sagði Guð við Abraham: Lát þig ekki taka sárt til sveinsins og ambáttar þinnar. Hlýð þú Söru í öllu því, er hún segir þér, því að afkomendur þínir munu verða kenndir við Ísak. En ég mun einnig gjöra ambáttarsoninn að þjóð, því að hann er þitt afkvæmi. Og Abraham reis árla næsta morgun, tók brauð og vatnsbelg og fékk Hagar, en sveinninn lagði hann á herðar henni og lét hana í burtu fara. Hún hélt þá af stað og reikaði um eyðimörkina Beerseba. „ (1Mós 21:8-14) - Vandamálin í ranni Abrahams og Söru linnir ekki. Sara sér í hvað stefnir með Hagar og Ísmael son hennar en Abraham ekki. Þetta verður til þess að sjálfur Guð verður að skerast í leikinn. Og hann tekur málstað Söru. Abraham tekur sinnaskiptum og gerir það sem um var boðið hversu óljúft sem honum var verkið. Að reka

fólk frá sér og sín eigin börn, eins og þarna á sér stað, er ekki nokkrum föður létt verk og verður víst aldrei. Ekki heldur þó það sé að ráði Guðs, sem þó en það léttara. Guð framkvæmir einvörðungu það sem er rétt og til heilla, hvernig sem andartakið kanna að tala til fólks. En og aftur sjáum við mikilvægi hlýðninnar við vilja Guðs og hvernig hlýðnin vill verja okkur sem og komandi kynslóðir og er mikilvægt að hugleiða.

Eftir að ákvörðun Söru og Abrahams lá fyrir og Hagar kominn inn í atburðarás fólksins kom inn vandi sem verður ekki leystur líkt og sjá má í Ísrael í dag og löndunum í kring. Þetta breytir ekki hinu að með burtför Hagar og Ísmaels helst kynstofn Gyðinga áfram hreinn, eins og Guð sjálfur vill að hann sé hreinn, til að mynda í þessum tólf ættkvíslum sem þar eru og liður í ættatrénu um Jesú á og hér hefur nokkrum sinnum verið vitnað í og vel má hvetja menn til að lesa og kynna sér sjálfir. Hvað sem hver segir þá eru Ísraelsmenn augasteinn Guðs. Að koma gegn þjóð Guðs bendir til gríðarlegrar forherðingar hjartans. Frelsari mannkyns er af ættlegg Abrahams og byrjaði með Ísak sem fyrsti lið í langri vegferð til lausnar mannkynninu. Merkilegt. Allt þetta og meira til er í Biblíunni.

Ættleggurinn sem á hinn bóginn kom út af Ísmael, þeim ágæta pilti, eru þjóðirnar sem eilíflega munu koma í gegn Guðs útvöldu þjóð Ísrael og sækja að henni úr öllum áttum. Og að þessu er unnið leynt og ljóst og er vandi sem kynslóðirnar hafa glímt við frá öröfi alda en hefði verið hægt að komast hjá með hlýðni mannsins við Orð Guðs. Hugsið ykkur valdið sem býr í ákvörðuninni.

Stundum eru mál þannig vaxin að við erum staurblind og ekki sjáandi vandann sem fyrir hendi er og tökum ekki leiðbeiningum nokkurs manns. Alveg eins og gerðist með Abraham sem sá ekki í hvað stefndi með eldri son sinn Ísmael sem líklega hefði hrifsað til sín völdin að honum sjálfum látnum og ríkt yfir ættinni. Sem reyndar var útilokað og gæti gerst hjá Guði sem er að vinna verk og búin að útvelja sjálfum sér sérstaka þjóð umfram aðrar þjóðir. Til að búa til tryggingu þarna varð að gera videigandi ráðstafannir sem ekki voru að tilstuðlan nokkurs manns heldur vilji Guðs sem skuldbatt sig til að vernda og verja Ísrael og hefur líka gert í gegnum tíðina. Þótt annað virðist stundum blasa við þessari á margan hátt þjáðu þjóð. Guð lætur engan hirða sitt frá sér og er ástæðan fyrir að Gyðingar eru enn til sem þjóð og afskaplega merkilegt að skoða hvernig Gyðingapjóðin hefur þraukað og haldið hópinn öldum saman í gegnum þykkt og þunnt. Megi trú vor aukast og vaxa. Gerum vilja Guðs. Amen.

Dæmum engan mann

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

9 apríl 2012

Guð er góður Guð með heilbrigðar væntingar til manna sem engin sér eftir sem við tekur og allir geta vel sinnt. Því Guð leggur ekki meira á nokkurn mann en hann fær borið. Mikilvægt er að Guð fái sjálfur að stjórna öllu í sínu ranni og gefa ráð. Auðvelt er að fara með þetta út í aðra sálma vegna veikleika holdsins sem sér svo skammt. Víst er um það.

Guð er skapari og hefur margt fyrir fólk sem hann vill að það meðtaki og geri að sýnu. Allt er gerlegt þegar Guð er með í verki og sannleikurinn er sá að hann mun sjálfur koma því svo til vegar að mannum farnist vel og verkin sem hann fæst við komst á leiðarenda og fegurðin eins blasi við af handarverkinu. Þetta getur bara Guð gert horft í því ljósi að Guð er allt í öllu og veiti hverju sem er, hvar sem er, hvert sem er. Slíkan Guð þarfnast maðurinn og hefur

fullan aðgang að með því einu að segja „ Já herra. Ég vil Jesú. „ Og Jesú verður hlutskipti mannsins og um leið áhugaverður kostur sem hægt er að fylgja og fara eftir í hvítvetna og eiga farsælt og gott líf með. En ekki þrautalaust. Væri svo þá færi ritningin með staðlausa stafi sem segir:

„ Jesús horfði á þá og sagði: Fyrir mönnum eru engin ráð til þessa, en fyrir Guði. Guð megnar allt. Þá sagði Pétur við hann: Vér yfirgáfum allt og fylgdum þér. Jesús sagði: Sannlega segi ég yður, að enginn hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, móður eða föður, börn eða akra vegna mín og fagnaðarerindisins, án þess að hann fái hundraðfalt aftur, nú á þessum tíma heimili, bræður og systur, mæður, börn og akra, jafnframt ofsóknum, og í hinum komandi heimi eilíft líf. „ (Mark 10:27-30) - Jesú krefur manninn þolgæðis sem er útilokuð nema fyrir trúna.

Þegar Kristur kom til jarðarinnar var hann að öllu leiti maður þótt Guð væri. Hann þjáðist, fann til, hafði meðaumkun með fólki, varð særður, hann tárfeildi, hryggði og saknaði, grét á stund sorgarinnar, samanber sagan um dauða Lasarusar, rétt eins og allt annað fólk. Þetta er mikilvægt atriði fyrir manninn að meðtaka og eykur honum skilningin á að Jesú skilur raunir hans og veit hvað maðurinn, hver sem er, gengur í gegnum akkúrat núna. Sjálfur gekk hann sama veg og í gegnum allskonar raunir og sem hann þurfti að glíma við, berjast við og horfast í augu við kringumstæður sem oft á tíðum voru ekki glæsilegar en hann sigraði samt vegna þess að hann vissi hver sendi sig og hvert hlutverk sitt væri. Hér má skoða freistingarsögu Jesú í óbyggðunum þegar hann var þar matarlaus í fjörtíu daga er freistarinn kom jafn miskunnarlaus og hann nú er. Já vinir. Jesú varð að glíma. En hann glímdi ávallt til sigurs og segir okkur líka að glíma til sigurs sem við gerum í krafti trúarinnar. Amen.

Biblían segir einnig að Jesú hafi komið til að bjarga mannkyninu frá glötun vegna innreiðar syndarinnar við skilningstré góðs og ills. Syndin drepur alla. Engin sem ekki vill þiggja verk Drottins inn í sitt líf sleppur frá dauðanum og hrammi syndarinnar.

Kristur er kostur fyrir alla menn. Að vera kristinn manneskja er ekki bara notaleg stund í kirkjunni sinni einu sinni viku og þar innanum gott fólk sem saman hlustar á lofgjörðarsveitina leika sína undurfögru lofgjörð og predikun á eftir heldur svo miklu meira. Að vera kristinn merkir nýr lífstíll, annarskonar hugsanir og þankar en áður voru til staðar hjá mannum. Kristinn manneskja hefur burði til að láta sér þykja vænt um fólk og að fyrirgefa öðru fólki. Jafnvel orðbragðið og framkomuna, sem var kannski ósæmileg og ósanngjörn sem heiðingjarnir myndu endanlega loka á og ekkert meira vilja hafa saman við slíkan mann að selda. Kristinn maður má ekki hugsa svona. Hann verður ávallt að vilja gera þetta og þarf oft að brjóta odd af oflæti sínu til að af slíku megi verða. Ekki bara vegna hans eða hennar sem kom illa fram heldur vegna eigin trúar, og sjálfra sín og traustsins til elskunnar, sem er Jesú og allir heilagir ættu að vilja hlúa að í eigin brjósti til að fá líkst honum sem allra mest. Alltaf Jesú:

„ Virðið alla menn, elskið bræðrafélagið, óttist Guð, heiðrið keisarann. - Þér þjónar, verið undirgefnir húsbændum yðar með allri lotningu, ekki einungis hinum góðu og sanngjörnu, heldur einnig hinum ósanngjörnu. Ef einhver þolir móðganir og líður saklaus vegna meðvitundar um Guð, þá er það þakkar vert. Því að hvaða verðleiki er það, að þér sýnið þolgæði, er þér verðið fyrir höggum vegna misgjörða? En ef þér sýnið þolgæði, er þér líðið illt, þótt þér hafið breytt vel, það aflar velpóknunar hjá Guði. „ (1Pét 2:17-20)

Jesú sem sagt gefur kraftinn og viljann sem nauðsýnlegur er til að verkið verði að framkvæmd en sitji ekki eftir í hjartanu eins og hvert annað gall og beiskja sem vill ekki fara og mun heldur ekki fara fyrir heldur en málið er gert upp frami fyrir háseti lifandi Guðs. Guð er Guð réttlætis og líður ekki að sitt fólk fari ódýru leiðina að markinu. Sem reyndar er ekki fær leið og kemur berlega gegn vilja Guðs. Hjá sumu verður einfaldlega ekki horft. En hversu margir reyna ekki einmitt slíka framhjáleið þó Guð tali gegn öllu slíku og segi á að minnsta kosti einum stað: „ Hér vegurinn. Farið hann? „ Mesta basl getur nefnilega verið að vera heilsteypt, kristinn manneskja. En kristinn maður hefur enga undankomuleið framhjá Orðinu. Orðið hefur talað og talar sannleikann í öllum atriðum sem snúa að manningum. Að fara eftir boðskap Orðsins er til góðs. En verkin taka stundum á. Að beygja sig fyrir einu og öðru getur verið mesta bras en samt fylgisfiskur breyskrar manneskjunnar en segir henni samt á skíran hátt að hún þarf kraft frá trúnni til að fá unnið verk Guðs. Hér er ákveðin leyndardómur á ferð sem Guð mun gefa öllum skilning á sem eftir leitar. Aðrar aðferðir eru því miður ekki í boði og gildir fyrir allt fólk. Líka mig. Já, og þig sem sjálfir erum eins og gras vallarins sem stendur í blóma í dag en er horfið á morgunn.

Þess vegna, vinir, er svo mikilvægt að við lærum að sættast hverjir við aðra og að hætta að gera of miklar kröfur á þá sem í kring eru og hafa til þeirra væntingar sem blessað fólk þér fær ekki risið undir. En akkurat þetta er svo oft hluti vandans sem við er að eiga sem eru allar þessar kröfur sem menn gera á sjálfa sig, gleymum því ekki, og ekki síður aðra menn. Standist menn svo ekki gerðar kröfur þá kannski hrynur bara veröldin og allt breytist í rjúkandi rúst í kring. Þetta er röng afstaða og eitthvað sem menn verða að lagfæra í eigin fari. Auðvitað erum við að tala um skipulagið í kirkjunni og minna okkur um leið á að hún tilheyrir lifandi Guði og skal vera fólk afdrep umfram allt annað og Guði sjálfum og öllum söfnuðinum til þægilegs ilms.

Sannleikurinn er að engin ræður vilja annars manns. Allir verða að bera ábyrgð á eigin verkum og takast á við það sem þeir hafa lofað. Ef ekki er fátt til ráða nema ganga í verkin sjálfur og biðja fyrir viðkomandi um að honum aukist trúfesti. Þessi bæn er góð og betri heldur en setjast í dómarasæti og dæma viðkomandi eftirleiðis úr leik sem hæfan. Bænin í annan stað mun hjálpa viðkomandi aðila til að sjá að sér og gefa honum löngun í hjartað til að gera betur og standa eftirleiðis við gefin loforð, sem er svo mikilvægt hverjum manni. Engin maður lofi því framar upp í ermina heldur segi aðeins það sem hann veit að hann getur framkvæmt. Nei er fullgilt svar. En hve mörgum reynist neið ekki erfitt þegar til þarf að taka? Hér er líka vandi á ferð sem menn verða að laga hver hjá sér. Munum! Allir mega segja nei án þess að þurfa að gjalda fyrir með einhverjum hætti eða eiga það á hættu að verða settur út af „sakramentinu „ eins og stundum er sagt. Og svo má spyrja sig hvað það þýði að mæðast yfir undanskotum annars fólks? Hafa ekki allir nóg með sig þarna? Enda bara eitthvað sem viðkomandi verður að eiga við sig sjálfan um og gera á sína Bragarbót og umfram allt að sjá sjálfur afgangin og ranglætið fyrst og fremst sjálfrá sín vegna og trúarinnar á hinn upprisna Drottinn drottna. Sem á endanum allt ætti að snúast um. Ef val annars manns og leti leiðir til þess að eigin trú bíður af hnekki og kalli á neikvæðar tilfinningar og upphrópanir ýmiskonar er ljóst að trúarsannfæringin var ekki á djúpum rótum reist og lendi bara á klöppinni eða innnaum þyrnanna sem áhyggjurnar náðu að kæfa. H hjálpar eftirfarandi ritningarverskið heilmikið til:

„ Ef nokkurs má sín upphvatning í nafni Krists, ef kærleiksávarp, ef samfélag andans, ef ástúð og meðaumkun má sín nokkurs, þá gjörið gleði mína fullkomna með því að vera samhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. Gjörrið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillátir og metið aðra meira en sjálfa yður. Lítið ekki aðeins á

eigin hag, heldur einnig annarra. Verið með sama hugarfari sem Jesús Kristur var. Hann var í Guðs mynd. En hann fór ekki með það sem feng sinn að vera Guði líkur. „ (Fil 2:1-6)

Þarna er engin betri til að hjálpa heldur en Kristur í eigin persónu sem mun koma að málinu og takast á við vandann með viðkomandi sem þannig hljópst undan merkjum. Kristur er nefnilega upprisinn og lifir í dag með alla burði til að gera hvaðeina í lífi fólks sem má verða til góðs.

Vinir. Engin ræður gangi annars manns og engin heldur ætti að vilja ráða gangi fólks. Hver og einn verður sjálfur að fá að bera sinn kross og hefur raunverulega nóg með sig sjálfan að flestu leiti. Eina sem meðbræður okkar fá gert er að fræða, biðja, uppörva og hvetja annað fólk til meiri verka og frekari dáða fyrir Jesú. Já, Jesú. Lengra nær okkar partur nú ekki. Geri menn sitt skulu þeir vera glaðir í sínu hjarta en ekki fylltir mæðu vegna verka annarra sem eru ógerð jafnvel þó að viðkomandi hafi sjálfur þurft að taka til hendinni og bæta á sig vinnu sem önnur manneskja lofaði að vinna en gerði ekki. Hér einnig vandi á ferð og nær til afstöðu manna. Trúaður maður á engan að dæma og kirkjunnar fólk læri að hugsa öðruvísi um svona mál heldur en mæða heimsins er svo upptekin við að gera.

Aðskilnaðurinn við heim og hold verður að vera hreinn og skír og hver einstaklingur sjálfur að viðurkenna og breyta eigin fari og ganga svo til móts við Orð Guðs og lexíuna sem Orðið vill kenna öllu sínu fólk. Lexía Biblíunnar er góð lexía og öllum holl lesning og leiðarvísirinn besti fyrir lífið. Mannsins er að biðja og eiga til kærleika í sínu hjarta. Allt svona vill trúin á Jesú kenna hverju mannsbarni fyrir sig. Að dæma annað fólk er hrein og klár synd. Og að syndga þarna sem annarstaðar í lífinu skal kristinn maður forðast eins og heitan eldinn. Syndin, alveg eins og eldurinn, brennir fólk. Munum að öll erum við verði keypt og gætum vel verið á öðrum stað en við erum á og ekki notið náðar Guðs eins og við sem betur fer gerum vegna trúarinnar á hinn upprisna Jesú. Stærstur partur mannkynsins nýtur ekki verndar né heldur náðar Guðs vegna þess að það í þvermóðsku sinni og þrjúsku neitar tilvist Jesú. Verum þakklátar manneskjur og tilbúin að breiða yfir og taka aðra í sátt:

„ Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir. Því að með þeim dómi, sem þér dæmið, munuð þér dæmdir, og með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður mælt verða. Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu? Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga flísina úr auga þér? Og þó er bjálki í auga sjálfs þín. Hræsnari, drag fyrst bjálkan úr auga þér, og þá sérðu glöggt til að draga flísina úr auga bróður þíns. „ (Matt 7:1-5)

Tölum vel hvort um annað og lærum að dæma rétta dóma og gæta okkur á að leggja öðru fólk ekki til hugsannir né orð. Og séu menn að tala og flytja okkur „ fréttir „ af segjum öðrum, þá krefjum þetta fólk um sannanir áður en við hleypum orðum þeirra inn og tökum við sem heilögum sannleika. Og geti menn ekki sannað sitt mál skal það afgreitt sem dót og drasl sem engin þörf sé að gera neitt meira með. Ekki er allt rétt sem okkur er flutt. Viti bornar manneskjur vita að oft þarf að grisja og henda hismi út sem berst. Eigum til kærleika og gerum kirkjuna að því sem Kistur lagði upp með til að hún verði griðastaður hins hrjáða og umkomulausa og athvarf á degi neyðarinnar sem engin lifandi maður veit um hvenær yfir sig hvolfist. Þá kemur nefnilega að þætti kirkjunnar og fólksins sem þar er á hverjum tíma sem Biblían segir að standi öllum opinn með og hafi útbreiddan faðm. Inn í slíku samfélagi líður fólk vel. Kirkjan þín getur vel orðið ein slík. Og hvað veist þú trúaði maður hver líður og hver á um sárt að binda og hvenær manneskja þarfnist einskis annars en sannrar vináttu,

hlýlegs orðs sem hvetur og bætir og eru um leið smyrsl á sár sem hjartað hefur fengið og ná að fleyta hrjáðri manneskjunni yfir erfiðan hjallann. Ekki er allt sem sýnist og hjartað kvelst og grætur þó að andlitið sé hýrlegt og augun glaðleg. Mikil synd er að snúa baki í fólk sem líður og láta eigin afstöðu breytast til viðkomandi sem kannski ekkert hefur gert neitt rangt og þarf á aðstoð frá öðrum að halda í sannleika jafnt og aðrir. Málið er að vera hvor fyrir annan eins og líka Kristur vill með sitt fólk:

„ Hverjum þykist spámaðurinn vera að kenna visku og hvern ætlar hann að fræða með boðskap sínum? Erum vér nývandir af mjólkinni og nýteknir af brjóstunum? Alltaf að skipa og skipa, skipa og skipa skamma og skamma, skamma og skamma ýmist þetta, ýmist hitt. „ (Jes 28:9-10) Hér er verið að fjalla um fólk sem þekkir Orðið og veit að sá sem talar mælir ekki rétt samkvæmt Orðinu. Mikilvægt er að vera vel að sér að þessu leiti. Maður með haldgóða þekkingu á Biblíufræðunum hefur allgóðar varnir í kringum sig.

Ekki ónýta náð Guðs í lífinu og ekki gera trúna óvirka með framkomu sem hentar henni ekki en ætti ágætlega heima í hryssingi heimsins þar sem orðagjálfríð veður yfir mann og annan og miskunnarleysið er algert og hvergi skjól að finna fyrir hrætt og umkomulaust fólk sem allstaðar er á stjái og nær okkur en flestum grunar. Verum góðilmur og Drottni á þann hátt velþóknanleg. Við erum verði keypt og ekki undir náðinni af eigin verðleikum heldur af þeirri ástæðu að Drottinn gaf okkur trúnað sinn og er góður við vonda og þverbrotna og mildur sem vill öllum vel. Hann er frelsari sem engan dæmir og fús að sýknar alla þá sem til sín koma og gefa þeim upp skuldabréfið sem var með svo hárru upphæð á að engin maður gat né getur greitt skuldinni til fulls. En blóð Jesú var gjaldið. Og nú er skuldabréfið at tarna ekki lengur í gildi og sá sem skuldina átti laus unda áþján bréfsins og leiðin inn í ríki Guðs stendur honum opin. Bara þetta atriði segir við okkur að vera endalaust þakklát fyrir miskunnarverkið sem unnið var á krossinum og lærum í sannleika og kærleika að sættast við fólk þar sem þess gerist þörf. Sá sem hefur fundið þennan yndislega góðilm Drottins þráir að hafa hann endalaust í kringum sig. Því að hann er ekta góðilmur.

Munum hér að trúin kom á engu silfurfati til mannanna barna heldur varð maður að gefa líf sitt og deyja á kvalafullan hátt til að náð Guðs kæmist inn og fengi breytt sig yfir líf míns og þíns. Og það gerðist. Náðin greiddi sitt verð og hver sem undir náðinni lifir er dýru verði keyptur. Hver ert þú þú sem dæmir bróðir eða systir þegar náðin hnippir í þig og áréttar verðið sem greitt var til að náðin næði til þín og fengi verndað þig? Hver ert þú sem dæmir?-

sjálfur kominn undir náðina og miskunnina sem lifandi Guð einn gefur sínum. Jesú er málið og allt sem við þurfum að læra og vita um er ritað í bókinni sem við vitum að er Biblían. Notum hana og köllum eftir hjálp Heilags Anda sem mun hjálpa okkur við að skilja innihaldið okkur sjálfum til gagns og með okkur hinir sem okkur eru samferða, til að mynda í söfnuðinum. Sumir safnaðarmeðlimir eru kennarar sem frambera sitt frá hásæti Guðs:

„ Til þessa eruð þér kallaðir. Því að Kristur leið einnig fyrir yður og lét yður eftir fyrirmynd, til þess að þér skylduð feta í hans fótspor. Hann drýgði ekki synd, og svik voru ekki fundin í munni hans. Hann illmælti eigi aftur, er honum var illmælt, og hótaði eigi, er hann leið, heldur gaf það í hans vald, sem réttvíslega dæmir. Hann bar sjálfur syndir vorar á líkama sínum upp á tréð, til þess að vér skyldum deyja frá syndunum og lifa réttlætinu. Fyrir hans benjar eruð þér læknaðir. „ (1Pét 2:21-24)

Kærleikurinn hylur fjölda synda og kærleikurinn hjálpar okkur heilmikið við að sjá annað fólk með augum Jesú. Og smá saman þá hætta þessar kröfur og hver dagur fær bara sitt vægi á

göngunni með Jesú og trúarsannfæringin nær að tala til manneskjunnar þann sannleika að Jesú sjálfur sjái um allt og að verkin séu á sínum hraða og samkvæmt vilja Jesú. Sumt sem gert er má vel missa sig þótt það veiki með okkur væntingar og vissan spenning. Og vegna þessa kannski að málið gekk ekki alveg upp, og eins og við sjálf vildum, hrundi allt heila klabbíð frami fyrir augum okkar og vonbrigðin gripu í hverja taug líkamanns og önnur framkoma og annarskonar hegðun tók við af kannski ljúfmennsku.

Höfundur biður menn um að skoða þetta bréf sem eitthvað sem Drottinn sjálfur hefur lagt upp í hendur hans ekki til að dæma einn né neinn heldur betrumbæta. Sannleikurinn er að það styttist með hverjum degi í endurkomu Krists og að stund burthrifningarinnar sem tekur alla hans af jörðinni og til fundar við Drottinn í loftinu. Málið er því að vera vakandi á verðinum og treysta trúnni og Orðinu til að vakan haldist og einnig þessi mikilvæga varðstaða. Þetta saman gerir menn að viljugum verkfærum Guðs sem fúsir eru til að sækja uppskeruna sem bíður á akrinum og er ljóst að flytur sig ekki sjálf í hlöðu fremur en önnur uppskera akursins fær gert. Hana þarf að sækja. Guð á margt fólk í þessari borg og hann er að undirbúa sína til stórra og mikilla verkefna sem heimurinn mun sjá og undrast yfir og margir fyrir vikið ganga Jesú á hönd og verða hólpnir með okkur sem trúum, og bíðum og væntum blessaðrar endurkomu hans sem dó fyrir okkur á krossinum en dauðinn fékk ekki haldið sökum hreinleika og syndleysis mannsins Jesú Krists. Og en komum við að þætti sem getur vakið okkur endalaust þakklæti. Og við fögnum lifandi Guði og hrópum hátt til hans og æ herra eftir því sem mótstaðan gerist meiri:

„ Þér börnin mín, heyrið Guði til og hafið sigrað falsspámennina, því að sá er meiri, sem í yður er, en sá, sem er í heiminum. „ (1Jóh 4:4)

„ Ég mun biðja föðurinn, og hann mun gefa yður annan hjálpara, að hann sé hjá yður að eilífu, anda sannleikans, sem heimurinn getur ekki tekið á móti, því hann sér hann ekki né þekkir. Þér þekkið hann, því hann er hjá yður og verður í yður. Ekki mun ég skilja yður eftir munaðarlausa. Ég kem til yðar. Innan skamms mun heimurinn ekki sjá mig frammar. Þér munuð sjá mig, því ég lifi og þér munuð lifa. Á þeim degi munuð þér skilja, að ég er í föður mínum og þér í mér og ég í yður. Sá sem hefur boðorð mín og heldur þau, hann er sá sem elskar mig. En sá sem elskar mig, mun elskaður verða af föður mínum, og ég mun elska hann og birta honum sjálfan mig. „ (Jóh 14:16-21)

Guðsvitund manna eflist.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson 11 janúar 2012.

Þegar Drottinn vitjar mannsins er það honum alltaf til góðs. Að halda öðru fram stafar af vanþekkingu þess sem talar. Trúin er nefnilega ekki allra.

Að trúin sé ekki allra er endalaus hvatning til trúboðans um að sækja fram með fagnaðarerindið og vera þátttakandi í skipun Drottins um að flytja öllum þjóðum fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þannig komast fleiri til Krists og sjá mikilvægi þess að fylgja honum og segja öðrum frá. Dauði Drottins var fyrir fólk til að engin þyrfti að bergja á smán dauðans heldur lifa. Jesú kom inn með lífið sem verður raunverulegt öllu mannkyni eftir dauða hans og undirstrikað í upprisunni. Málið er afgreitt. Eina sem þarf er að taka við boðskapnum og einstaklingurinn er hólpinn fyrir trú sína. Kann að hljóma mótsagnarkennt og snúið á köflum en samt það sem Biblían segir um þetta mikilvæga mál:

Vaknið fyrir alvöru og syndgið ekki. Nokkrir hafa enga þekkingu á Guði. Yður til blygðunar segi ég það. En nú kynni einhver að segja: Hvernig rísa dauðir upp? Hvaða líkama hafa þeir, þegar þeir koma? Þú óvitri maður! Það sem þú sáir lifnar ekki aftur nema það deyri. Og er þú sáir, þá er það ekki sú jurt, er vex upp síðar, sem þú sáir, heldur bert frækornið, hvort sem það nú heldur er hveitikorn eða annað fræ. En Guð gefur því líkama eftir vild sinni og hverri sæðistegund sinn líkama. Ekki eru allir líkamir eins, heldur hafa mennirnir einn, kvikféð annan, fuglarnir einn og fiskarnir annan. Til eru himneskir líkamir og jarðneskir líkamir. En vegsemd hinna himnesku er eitt og hinna jarðnesku annað. (1Kor 15:34-40)

Hér kemur postulinn með vitneskju inn í málið sem allt fólk þekkir sem á annað borð hefur komið nálægt garðyrkju og ræktun. Allir vita að til að fá ávöxt og uppskeru þarf að gróðursetja viðeigandi tegund í mjúka mold sem sér svo um sitt og gerir uppskeru mögulega. Af útsæðinu sprettur nýtt. Engin hirðir ávöxtinn sem gróðursettur var heldur fersk afkvæmi hans. Þau fara í poka og gefa fólkinu sína næringu.

Kristur gerir eins. Við sáum nafninu Jesú í hjörtu fólks ofan í mjúka jörð og uppskerum trú í viðkomandi vitandi sem er að Orðið komi ekki tómtil til baka heldur með afrakstur sáningarinnar með sér. Þetta veitir honum sem sáði gleði og gerir að þátttakanda í uppskerunni. Munum að Jesú og Orði hans var sáð. Svona talar og kennir Biblían.

Ofar í sama versni kveður við svolítið harðneskjulegur tónn sem minnir okkur á að allt trúað fólk sé verði keypt: „**Nokkrir hafa enga þekkingu á Guði. Yður til blygðunar segi ég það.** „ Spurningin er hví nokkrir hafi enga þekkingu á Guði sem ég og þú umgöngumst jafnvel oft, já, daglega? Getur verið að við séum ekkert að tala um Guð við fólkið og séum ekkert sérlega uppteknir við það verk? Getur verið að verk okkar, málfar og dagleg breytni upplyfti ekki nafninu Jesú í lífi okkar? Er mögulegt að þannig sé í raun og veru í stakkinn búið. Séu málin í þessum farvegi er ljóst að ástandið kallar á breytingar.

34versíð hefst á orðum sem líka eru alvarleg og hvöss en samt beint upp úr Biblíunni og sögð sem hvatning en ekki dómur: „**Vaknið fyrir alvöru og syndgið ekki.** „ Er hugsanlegur möguleiki að synd sé í okkar lífi sem við höldum í en erum samt að þjóna Guði og teljum verk okkar honum velþóknanleg þó að um slíkt megi stórlega efast vegna viðloðandi syndar? Getur verið að tími sé kominn til að endurskoða og endurstilla ýmislegt í voru fari og uppfæra og koma fram fyrir Drottinn með iðrun í hjarta og sjáandi eftir einu og öðru sem við vissum að var rangt en gerðum samt? Gerum við okkur að fullu grein fyrir því hvað átt sé við þegar talað er um að Drottinn hreinsi sína kirkju?

Og hvaða vill hann svo hreinsa burt? Hvað nema syndina sem fólk heldur í en er grafalvarlegt mál í augum Guðs sem á endanum verður að koma og taka sjálfur til hendinni vegna eigin Orða um að ekkert óhreint muni inn í hana ganga? Og hvað hafa menn fengið margar aðvaranir um eitt og annað sem þarf að lagfæra en þverskallast enn við að framkvæma? Jafnvel fullir efa sjálfir um að sé frá Guði komið. Og hvernig geta óhreinindi í einni og annarri mynd viðgengist í kannski langan tíma nema af þeirri ástæðu einni að annaðhvort eru menn ekki vel að sér í Biblíunni eða trúu því ekki, svona innst inni, að Guð geri neitt í málunum og styrkjast svo í þeirri trú sinni (réttara sagt vantrú) vegna þess máski að málið hefur lengi fengið óátalið að vera í sínum óhreina farvegi í lífi viðkomandi. En synd er synd og óafgreidd synd er engum manni til neins nema tjóns þó síðar verði. Of margir gleyma því viljandi að Guð er langlyndur og þráir ekkert heitara en að menn sjái að sér upp á eigin spýtur, iðrist og láta af fyrri breytni einmitt til að hann þurfi ekki að koma til þeirra með

hirtingarvönd í hendi. Sem hann þó mun neyðast til á ákveðnum tímamarki jafn óljúft og honum er verkið. Guð er kærleikur og agar manninn honum sjálfum til gagns. Og andinn gerist hólpinn á efsta degi eins og líka trúin vill að gerist og hefur kennt mannum frá fyrsta degi trúargöngunnar. En freistingarnar koma og einhver hluti trúarinnar fellur í slímugan faðm hennar nema til koma stanslausar og ítrekaðar aðvaranir og hvatningar til góðra verka. Ekki endilega það skemmtilegasta sem gert er en samt nauðsýnlegt verk. Hve mörgum hefur það einmitt ekki forðað frá að hafna í gini fúllar freistingarinnar? Fleirum en flestum grunar:

„ Eins og snjór um sumar og eins og regn um uppskeru, eins illa á sæmd við heimskan mann. Eins og spörfugl flögrar, eins og svala flýgur, eins er um óverðskuldaða formæling hún verður eigi að áhrinsorðum. Svipan hæfir hestinum og taumurinn asnanum en vöndurinn baki heimskingjanna. Svára þú ekki heimskingjanum eftir fiflsku hans, svo að þú verðir ekki honum jafn. Svára þú heimskingjanum eftir fiflsku hans, svo að hann haldi ekki, að hann sé vitur. Sá höggur af sér fæturna og fær að súpa á ranglæti, sem sendir orð með heimskingja. „ (Orðsk 26:1-6) Og hver er heimskur þarna nema sá sem vill ekki taka við speki Guðs og ganga út á Orðin sem hann hefur í munni sér og talar út til fólksins í kærleika og elsku og allir vita sem reyna að eru til góðs eins fyrir lífið og tilgang lífsins? Hvað er það annað en heimska að breytast í þvergirðing andspænis viskunni verandi sjálfur merktur mistökum og bara gerandi rétt og framleiðandi hið góða, fagra og fullkomna í Jesú? Við höfum aðgang að allri speki og getum gert rétt á hverjum tíma en gerum ekki vegna oft á tíðum óhlýðni, þrjósku, vonbrigða með aðra og svona mætti lengi upp telja og hafa listann langan. Og til hvers að vera með allt fullt af ásökunum og ákærum í garð meðbræðra sinna vitandi sem er að allt svoleiðis er hindrun á vaxtaferlinu sem við það hægir svo á sér að áratugum seinna sést engin breyting og trúin nærast ekki rétt og fær ekki virkað með réttum hætti sem öndvert eykur hættuna á frekari mistökum, sem nóg er komið af? Guð gaf mannum nægt vit til að gera verkin rétt og lofar að hjálpa honum þar sem þess gerist þörf. Sem er oft. Drottinn legur ekki meira á nokkurn mann en það sem hann fær borið með reisu, sem er vilji Guðs með manninn. Reisu.

Viðvarandi fræðsla, hvatning og uppörvun hjálpar þarna til en þó ekki nema maðurinn sækir í þetta sjálfur. Maðurinn er í gjörgæslu Drottins og án afsökunar. Hann hefur allt sem þarf.

Til að fá vaxið upp til höfuðsins er fyrsta skrefið að beygja sig í hlýðni, ekki með augnþjónustunni einni saman heldur í auðmýkt hjartans. Og auðmýktin talar við Drottinn orð sem hann elskar að heyra. Auðmýktin sýnir mannum heilagan Guð og alla þessa hátign sem hann í raun og veru er. Þessi erfiða og krefjandi auðmýkt sem allt fólk berst við, jafnvel daglega, hafa sumir tamist við og orðið af þetta aflmikla Guðsfólk sem kirkjan setur stolt fram og við lítum upp til. Verum sjálf þetta fólk sem kirkjan er stolt af og munum og gleymum því ekki að kirkjan er verk Guðs en engra manna:

„ Nú áminni ég sjálfur, Páll, yður með hógværð og mildi Krists, ég, sem í návist yðar á að vera auðmjúkur, en fjarverandi djarfmáll við yður. Ég bið yður þess, að láta mig ekki þurfa að vera djarfmálan, þegar ég kem, og beita þeim myndugleika, sem ég ætla mér að beita gagnvart nokkrum, er álíta, að vér látum stjórnast af mannlegum hvötum. Þótt vér lifum jarðnesku lífi, þá berjumst vér ekki á jarðneskan hátt, því að vopnin, sem vér berjumst með, eru ekki jarðnesk, heldur máttug vopn Guðs til að brjóta niður vígi. Vér brjóttum niður hugsmíðar og allt, sem hreykir sér gegn þekkingunni á Guði, og hertökum hverja hugsun til hlýðni við Krist. „ (2Kor 10:1-5) - Páll hvetur menn, mig og þig, til að láta segjast og að taka háttaskipti hugarfarsins og vera eftirleiðis uppteknir við hvaðeina sem heyrir til Kristi og umfram allt með hjarta sem er sér ekki meðvitað um synd og

merkir að maðurinn reynir, já, reynir, í sínum veika mætti að hegða sér eins og sæmir kristnum manni. Takist honum verk sitt er það af bara einni ástæðu. Þeirri að holdið er dáið og er stærri sigur en áður hefur unnist og stærri en líklega flest annað sem maðurinn upplifir á sinni trúargöngu og sá sem mest er um verður á þessari vegferð. Við sjáum að markið er ekki sett lágt heldur hátt. Hér er spjótunum beint að sjálfum einstaklingnum, ekki umfangi eða byggingum né heldur ristastórum trúarsamkomum. Sem vissulega væri áhugavert dæmi að setja upp og gaman að takast á við, sem er annað mál.

Og hvað segir ekki Kristur?:

En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki. „ (Matt 6:33) - Allt skal sem sjá má gera í rétttri röð og eins og Kristur sjálfur gefur orður um. Og lyktir verða farsælar og sigrarnir bæði stórir og líka margir.

Dáið hold gerir vöxtinn upp til höfuðsins hraðan og eftirsóknarverðan. Af dónu holdi vex upp trú sem svo umbreytist í hjarta manns í fagurt blóm Drottins og honum til þægilegs ilms. Drottin rannsakar hjartað og skoðar hjartað en ekki útlit manna né heldur orðin sem þeir segja.

Gamli skömmótti hurðarskellirinn sem í sínum versta ham eirði engu og talaði fúkyrði til hægri og vinstri var ekki einstaklingurinn sem spratt upp af sæði trúarinnar heldur nýr og áhugaverður persónuleiki sem er ljúfur, sáttfús, góðgjarn og elskandi sannleikan sem hjarta mannsins svo staðfestir frami fyrir almættinu. Sannleikurinn um hvern einstakling fyrir sig býr allur í hjartanu. Þar er þetta allt saman. Þar fær Drottinn lesið sögu mannsins frá A til Ö og engu skotið undan. Menn vita bara sumt um mig og þig, en Guð allt vegna hjartans sem hann les og er frami fyrir honum jafn skír og opin bók sem allt er skráð í með stóru letri og samviskusamlega gert. Drottinn rannsakar hjartað. Svona talar Orðið sjálft. Bókin er fær um að auka okkur staðfestu og trú og ástæðan fyrir að Biblían er bókin okkar.

Orðið krefur manninn um trú. Orðin hafa verið sögð og þeim verður ekki breytt né heldur hagrætt á neinn hátt. Maðurinn verður að trúa til að verða hólpinn. Trú manns fær ekki haldið velli og því síður vaxið ef hjartað er merkt endalausum efasemdum daginn út og inn. Hann þarf að treysta og getur lært að treysta Orðum Biblíunnar sem er risastór áfangi á leiðinni. Með því að treysta Biblíunni hefur hann játað að hafa fundið sannleikann og veit eftirleiðis að við sannleikann er engu að bæta. Sannleikurinn bara er en okkar að trúa honum og er vandamálið stóra sem við er að eiga á annars merkilegri vegferð.

Margt er í gangi í heiminum og ljóst að við sem nú erum uppi lifum á tíma sem Biblían talar um sem endatíma. Þetta getum við séð með því að fylgjast með fréttum og þá blasa við allskonar ótíðindi og válegir hlutir í mannheimum sem sannfæra okkur um inngríp Guðs og mátt hans í atburðarrásina til að trú okkar haldist vakandi og eflist. Sannarlega er þörf á að kirkjan haldist vakandi á tímum stanslausra ákæra og tortryggni og efasemda sem tröllríða samfélaginu og getur ekkert gert neitt annað nema farið vaxandi eftir því sem fráhrifið verður meira. Allt fráhrarf lyftir upp verndarveggnum sem Guð vill hafa kringum manninn en fær ekki staðist né heldur gert sitt gagn í lífi fólks nema fyrir trúna í hjarta mannsins sem ákallar nafn Jesú og stöðugt er ráðist á bæði innan frá og utan veggjanna.

Tilgangur afvegaleiðandans er aðeins einn. Að sannfæra manninn um að bogið sé beint og beint sé bogið. Þótt furðulegt sé tekst honum vel upp í þessum hráskinnaleik sínum og víða

má sjá. Í til að mynda öllum þessum byggingum sem reistar hafa verið á sandi en ekki traustum undirstöðum. Og flóðið kom og allt sem á sandinum stóð skolaðist burt. Við sjáum gríðarleg áhrif afvegaleiðandans sem er eins og margir vita bara annað nafn á Satani.

Í hvert sinn sem manneskja er afvegaleidd minnka og hverfa varnirnar sem trúin ein hefur burði til að hafa í kring. Með minnkandi og engum vörnum kemst allskonar ástand á manninn og hann upplifir sig æ oftar óttaslegin þó að ekkert sé að óttast. Óttinn öndvert fæðir af sér aðra hegðun sem færir engum manni neitt gott. Í óttanum býr ákveðin hegning sem með tímanum dregur þrótt og mátt úr fólki með fylgifiskum sem valda jafnvel heilsutjóni og sjúkdómum. Þetta og margt annað, allt afleiðing af Guðleysi, munum það, refsar fólki ótæpilega og það getur ekki á heilum sér tekið. Óttinn er viðvarandi og algengur í samfélögum nútímans. Slagbrandarnir fyrir útidyrhurðum fólks og þjófavarnarkerfin sem sett eru upp eru allt afleiðingar af ótta og umtalinu sem af óttanum leiðir. Og allar alvöru varnir, af þá trúnni, fjúka út í veður og vind og helsið flæðir inn og viðhelst með endurteknum og ítrekaðri lygi sem menn orðið líta á sem sannleika og nokkuð sem ekki sé hægt orðið að eiga neitt við og sé bara kyrrt þar sem það er nú niðurkomið sem er röng hugsun. Alltaf má bæta ástandið en krefur okkur um verk. Helsið sem lyginni tókst að koma á fær ekki starfað nema varnir Drottins fyrst hverfi. Og þá er ekki að sökum að spyrja og menn bergja á beiskum bikar:

„ Þess vegna hefur Guð ofurselt þá fýsnum hjartna þeirra til saurlifnaðar, til þess að þeir svívirtu líkami sína hver með öðrum. Þeir hafa skipt á sannleika Guðs og lyginni og göfgað og dýrkað hið skapaða í stað skaparans, hans sem er blessaður að eilífu. Amen. Þess vegna hefur Guð ofurselt þá svívirðilegum girndum. „ (Róm 1:24-25a) Hér lesum við Orð Guðs eins og þau koma fyrir í helgri bók Biblíunni. Ekki mannverk né manna hugsmíðar heldur Guðs Orð sem allir menn geta og ættu að taka trúanleg.

Þetta og meira til getur fræðslan í Guðs Orði kennt okkur og trúin sannfært um að sé rétt kennsla. Í eðli lyginnar er að skrumskæla. Og maðurinn getur ekki á heilum sér tekið. Sannleikurinn er að engum manni er ætlað að lifa Guðlausu lífi heldur í nánú samfélagi við skapara sinn.

Sannarlega er þörf á að efla og viðhalda trúnni í hjörtum endurfædds fólks.

Ótti er gríðarlega öflugur óvinur og fær um að reisa múra og veggj í kringum sig sem engin kemst í gegnum. Engum sem maðurinn þekkir ekki vel er treyst. Svona samfélag það engin um en sumir lifir samt í vegna þess að Guðsvitundin er á sífelldu undanhaldi og kærleikur flestra fer kólnandi. Einnig í kirkjuna, því miður.

Reisum varnarmúr utan um hvort annað og lærum að hlúa að þeim sem minna mega sín á meðal okkar og eflumst sjálf í trúnni og hefjum nauðsýnlega vinnu núna. Núna er réttur tími. Gærdagurinn er nefnilega búin og morgundagurinn enn ókominn.

Amen.

Kirkjan býr á klettinum

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson
11 apríl 2012

Kirkjan er því að Jesú gaf hana og sagði að kirkjan sín myndi standast öll áhlaup óvinarins sem réðist gegn henni og að máttur Heljar fengi ekki sigrað kirkju sína. Þetta merkir að kirkjan sé eilíf á sama hátt og Jesú Kristur er eilífur. Eilífur er stórt orð en samt sannleikur. Þessu til staðfestingar skal á það bent að kirkjan hefur Orðið og Orðið á kirkjuna. Allt mun hverfa af jörðinni og öll verk manna feykjast burt þegar Guð svo bíður. Orðið hins vegar verður eftir. Orðið er Guð. Kirkjan stendur af sér öll gerningaveður syndarinnar sem kom eftir að maðurinn valdi og tók ranga beygju. Allt samhangandi þættir og verða ekki slitnir hvorir frá öðrum. Syndin hefur sína beygju og að gera rétt í Guði sína. Andstæður. Myrkur. Birta. Merkilegt.

Kirkjan stendur. Bendið til að mynda á aðra, segjum, „ stofnun „ vinnustað, fyrirtæki, eða hvað við viljum kalla þetta, á jörðinni jafngamalli kirkjunni? Hún er ekki til og það sem fyrir er í allskonar ásigkomulagi. Kirkjan heldur reisn og ver sig á eigin forsendum og boðskap. Verk kirkjunnar tala sínu máli í lífi einstaklinga og þjóða. Þar sem kirkjan er blómleg og að henni hlúð hlær lífið. Boðskapurinn sem þaðan berst er góður. En rétt er það. Hann er framborinn af breyskum og mistækum mönnum sem Drottin hefur sett fram til þjónustu. Þannig bara er vinnulag hans. Drottinn elskar að vera þar sem maðurinn er og að starfa með honum í góðu samfélagi. Guð kemur ekki gegn fólki:

„ Svo hefir Drottinn við mig sagt: Eins og ljónið eða ljónskálfurinn urrar yfir bráð sinni, þegar hjarðmannahóp er stefnt saman á móti honum, og hann hræðist ekki köll þeirra og lætur ekki hugfallast við háreysti þeirra, eins mun Drottinn allsherjar ofan stíga til þess að herja á Síonfjall og hæð þess. Eins og fuglar á flökti, eins mun Drottinn allsherjar vernda Jerúsalem, vernda hana og frelsa, vægja henni og bjarga. Hverfið aftur, þér Ísraelsmenn, til hans, sem þér eruð horfnir svo langt í burtu frá. Því að á þeim degi munu þeir hver og einn hafna silfurgoðum sínum og gullgoðum, er sekar hendur yðar hafa gjört handa yður. „ (Jes 31:4-7) - Drottin er aldrei upphafsmaður ósættis. Sé ósætti liggur það ávallt mannsins megin. Ósættið sem kemur stafar af hörku hjartans, óánægju, vonbrigðum og öðrum álíka þáttum og öllum mannlegum og byggðum á tilfinningum einstaklinga. Trúin er gangslaus sé hún byggð meira og minna á tilfinningum fólks. Tilfinningar bera fólki ekki heim sannleikann. Harkan í hjartanu er aflið sem dregur menn og konur burt frá Guði. Og Guð í kærleika sínum, já, kærleika, umber fátíð stundarkorn en lætur það þó ekki með öllu afskiptalaust og kallar stöðugt á manninn að koma til baka. Dugi það ekki þá er þrengt að lífi fólks og svo um hnúta búið að engin önnur leið sé fyrir það nema snúa sér aftur til Drottins. Og fjötrar slitna og fólk upplifir sig glatt og ánægt. Brýningin er alltaf hina sama - að gott sé að vera í ranni Guðs. Vandinn er að þessu vilja menn æði oft gleyma. Og gera þá viljandi. Þeir vita jú betur. Trúin kennir sína lexíu. Allir fá sitt val. Öll hvatning er mikilvæg og nokkuð sem Guð vill gera kirkju sína upptekna við. Að hvetja er betra.

Frá stofndegi kirkjunnar hafa mörg áhlaup komið sem vissulega hafa raskað starfsemiinni tímabundið en ekki náð að feykja á haf út. Yfirvöld koma og eru enn til sem hreinlega loka kirkjum og taka Guðsmenn af lífi eftir sýndarréttarhöld þar sem Guðsmaðurinn er máski hrakinn út á götu og látin afneita trú sinni frami fyrir fólkinu sem sótti hjá honum messu í kannski áraraðir. Játningin var fengin gegnum barsmíðar og pyntingar og var fólksk. Og söfnuðurinn stundi undan orðum prestsins síns og margir sem heyrðu urðu sárir og reiðir kirkjunni og prestastétt vegna yfirlýsingu mannsins sem í þeirra áheyrn viðurkenndi að hafa farið með ósannindi og að engin Guð væri til. Og átti raunverulega engra annarra kosta vól með kannski fjölskylduna alla undir sem sat heima og hafði í kringum sig flokk manna með

spenntar byssur og allt eins eigandi von á dauða sínum. En galt samt fyrir á þann hátt eftir að yfirlýsing mannsins hafði verið töluð út. Versti fantaskapur.

Til að komast svona langt er eitt nauðsýnlegt. Markviss áróðurherferð fer í gang gegn til að mynda kirkjunnar og því sem hún er boðberi fyrir. Áróðursbragðið er að bera út um kirkjuna upplognum sögum og koma fólkinu í ásing. Fyrir heldur en það gerist sitja menn á sér. Þá líka hefst eftirleikurinn og opinberu ofsóknirnar, með fólkið með sér við verkið. Allt undirbúið og þaulskipulagt af hinu opinbera sem gera gangskör að lokun kirkna og ástæðan fyrir að fólkið varð svekkt og yfirgaf kirkjuna og um leið Guð sinn í stórum stíl. Þetta var þá eftir allt saman satt sem það hafði heyrt um kirkjuna í til að mynda í ræðum kommúnistanna sem vönduðu sig við að úthrópa allt sem var Guðs. - Gat blessað fólkið vel hafa hugsað með sjálfu sér hafandi prestgreiði grátandi fyrir framan sig og gefandi út sína þvinguðu yfirlýsingu og sér þvert um geð og gegn betri vitund. Sem grúinn auðvitað gat ekkert vitað neitt um. Fólkið heyrði bara orðin og mat sitt út frá þeim. Margar slíkar sagnir urðu til í Sovétríkjunum sálugu í tíð Leníns og Stalíns en hægðist kannski eitthvað á þessum ofsóknunum eftir daga þessara manna án þess þó að þær hættu til fulls. Önnur einræðisríki hegða sér með svipuðum hætt í dag þótt hljótt fari.

Einræðisherrann vill, og eða flokkurinn, vera guð þjóðar sinnar. Þarna er ákveðin andi á ferð sem hegðar sér alltaf eins og hægt að skoða með því að fræðast um einræði hér og hvar í veröldinni. Alltaf sami stíll. Og þjóðin líður og slúttir, hungurneyðir koma upp og fólkið fellur úr hor, harðræðið magnast og fangelsanir án dóms aukast, fólk hverfur sporlaust og landið visnar með sinni gróðureyðingu. Svona vinir vinnur syndin og höfundur syndarinnar Satan er hann fær óheftan aðgang. Og landið skrælnar og fýkur burt. Blessun Guðs víkur og kemur ekki til baka fyrir heldur en bænir fólksins eru orðnar svo háværar að Guð verður að veita þeim athygli.

Syndin og lygin er vandamálið í lífinu og hefur verið frá því að hún fyrst kom. Ekki kirkjan né heldur sá boðskapur sem hún framer fólki. Víst erum það:

„ Þá komu lærisveinarnir til hans og spurðu: Hvers vegna talar þú til þeirra í dæmisögum? Hann svaraði: Yður er gefið að þekkjja leynda dóma himnaríkis, hinum er það ekki gefið. Því að þeim, sem hefur, mun gefið verða, og hann mun hafa gnægð, en frá þeim, sem eigi hefur, mun tekið verða jafnvel það, sem hann hefur. Þess vegna tala ég til þeirra í dæmisögum, að sjáandi sjá þeir ekki og heyrandi heyra þeir ekki né skilja. „ (Matt 13:10-13) - Guð vill að menn séu á varðbergi og segist sjálfur gefa sínu fólki skilning á öllu. Sé skilningnum áfátt, eins og alltaf getur gerst, þá bíður hann hverjum sem er að leita til sín. Drottinn líkur merkingunni upp og maðurinn skilur hvað við er átt. Enn og aftur má benda á mikilvægi trúarinnar í þessu öllu saman og að vera í milliliðalaus sambandi við Jesú. Án trúar leitar ekki nokkur maður ásja Guðs.

Með fyrstu verkum eftir fall Berlínarmúrsins 1989 og í kjölfarið afnám kommunistaflokksins þar eystra, var að endurreisa kirkjuna og gefa fólki frið til stunda trú. Munum að kirkjan í Sovétríkjunum stóð mönnum lokuð í rúm sjötíu ár á meðan ógnarstjórnin hélt vell. Hversu margar neðanjarðakirkjur skildu hafa verið til á þessu tímabili með fáum eða mörgum meðlimum sem komu hvort sem var í skjóli nætur eða á öðrum tímum sólhringsins til að iðka samband sitt við Guð? Þær tölur eru því miður ekki á takteinum en væru samt fróðleg lesning. Kirkjan vinir býr í hjarta fólksins þar sem Heilagur Andi er og starfar og er alltaf í beinu sambandi við þann sem situr við hægri hönd Föðurins Jesú Krist.

Á öllum tímum hefur verið uppi fólk með Anda Guðs í sér sem Kristur hefur getað notað til að halda merkjum sínum hátt á lofti og verkum í þágu kirkjunnar og um leið fólksins og þjóðarinnar sem fólkið tilheyrir. Allt hangir þetta á sömu spýtu og er samtengt órjúfanlegum böndum.

Við sjáum af lestri Biblíunnar, Gamla testamentisins, að atburðirnir við skilningstré góðs og ills breytti öllu um áætlun Guðs sem við það varð að gera breytingu á og loka tímabundið veginum að lífsins tré og opna svo aftur eftir að Kristur var kominn á jörðina og búin að ljúka verki sínu, sem eins og allir vita lauk á krossinum og með dauða hans og bjó til nýtt í upprisunni og gjöf Heilags Anda á Hvítasunnudag. Allt afskaplega merkilegt og þess virði að gefa gaum og fylgja fast eftir. Enda fyrir manninn. Hvern sem er.

Að kirkjan sé enn uppi og enn áhrifamikil og enn boðandi og biðjandi er vegna þess að Jesú lifir. Hann dó en reis upp og settist til hægri handar Föðrunum sem alltaf hefur verið til og er ennþá hin sami og verið hefur. Og það sem meira er, hefur áætlun sem er enn í gildi og verður uns tími heiðingjanna er liðinn og engum fleirum verður hleypt inn í Guðsríkið. Þangað til verður áfram boðað og trúboð stundað og menn og konur munu endurfæðast og gefast Guði á vald og tilheyra hópnum sem Kristur er með hér á jörðinni og starfa í þeirri köllun sem Guð úthlutar og ætlar hverjum manni sem til sín kemur. Tíminn sem maðurinn hefur er núna. Mönnum stendur til boða opin faðmur lifandi Guðs sem engum kastar frá sér og öllum vill vel. Þetta er sá Guð sem heiður er að frambera og segja öðru fólki frá. Hann mun sjálfur opinberast fólkinu og sanna sitt mál.

Og annað sem skal hugleitt. Jesú hefur hóp útsendara á jörðinni sem annast um verkin sem hann hefur áður fyrirbúið. Allt er í Drottins hendi og getur maðurinn engu bætt við verk Guðs. Allar slíkar tilraunir eru í raun til ópurftar. Hvað sem er fullkomið er endastöð hvers verks. Framrétt hönd Guðs, maðurinn sem er kallaður af Guði, fer og fylgir öllum leiðbeiningum nákvæmlega og uppsker blessunina sem hlýðninni er samfara. Alltaf er ávinningur fyrir manninn að gera vilja Guðs. Guð er með heildarsýnina en maðurinn hefur aðeins part, kannski bara brotabrot af henni. Í hnotskurn er markmið Guðs bara eitt. Manneskjan sem enn lifir í syndum sýnum og Biblían segir um að sé á Breiðstrætinu og að hann liggi til glötunar.

Þetta er raunverulega boðskapurinn sem Kristur kom með og gaf mannum leið undan með því að friðþægja fyrir syndir fólksins og úthella sínu eigin blóði og verkið fullnað á krossinum. Frá þeim tímapunkti hefur málið fyrir framréttar hendur Drottins og mun og fætur kallaðra og útvalinna manna verið að sannfæra vantrúna um þetta atriði að svona sé þetta í stakkinn búið og ekkert öðruvísi.

Þvergirðingarnir sem við lesum um að lærisveinarnir og hinir fyrstu postular hafi mætt eru enn á götunum og koma í gegn af jafn mikilli þvermóðsku og andstöðu og þá. Ekkert hefur breyst. Hjartað er samt við sig. Þetta vill kenna okkur það að engin þörf sé á að breyta neinu varðandi boðunina sjálfa. Það sem postularnir fyrstu glímdu við fundu þeir svörin við í kennslunni og Orðinu, alveg eins og við gerum í dag. Að vísu stöndum við betur að vígi heldur en frumkvöðlarnir því að öndvert þeim höfum við alla Biblíuna okkur til halds og traust bæði Gamla- og Nýja testamentið en frumkvöðlarnir bara Gamla testamentið til að byrja með og Orðin sem Jesú talaði, kannski slitrótt og meira og minna eftir minni fyrstu árin. Bréfin og Guðspjöllin bærast ekki í heilstæðri mynd fyrr heldur en áratugum eftir dauða og upprisu frelsarans. Við sjáum að af því leiti til stendur okkar kynslóð betur að vígi þótt áhöld

séu um meiri árangur en varð fyrir hendur þessara manna og hetja trúarsögunnar á upphafstíma kirkjunnar. Guð mælir árangurinn á hverjum tíma. Engin maður.

Árið eitt þúsund á Íslandi var kristni lögtekin í landinu og hefur verið hér aðal trúin frá þeim merka tímamarki. Og er svo enn. Blessunin hefur flætt yfir og menn verið merktir kristinni trú og kristinni iðkun og gildum frá þeim tíma og eru til margar frábærar sögur um húsletra og slíkar stundir sem heimilismenn komu saman á og hlýddu á þessa stórmerkilegu húsletra og uppbygginguna sem slíkir lestrar voru heimilisfólki og iðkaðir kynslóð eftir kynslóð og gaf stórmerkilega arfleifð inn í framtíðina sem þjóðin býr en að með ýmsum hætti. Guð er góður Guð og sér lengra en nef nokkurs manns nær.

Allt fram til okkar tíma og það sem við fáumst við í dag er afrakstur trúariðkunar forfeðranna. Guð fylgdist nefnilega með húslestrinum og mann hann eins og gerst hefði í gær. Á sama andartaki sá hann mig og þig sem þó komum ekki fram á sjónarsviðið fyrr en eitt þúsund árum síðar. Svona er hægt að tala og fullyrða með því að benda bara á Guð sem hefur alltaf verið til. Áður en arða var hér sem nú er var Guð og Guð hafði frá upphafi áætlun með sinn heim og sína sköpun:

„ Abraham faðir yðar vænti þess með fögnuði að sjá dag minn, og hann sá hann og gladdist. Nú sögðu Gyðingar við hann: Þú ert ekki enn orðinn fimmtugur, og hefur séð Abraham! Jesús sagði við þá: Sannlega, sannlega segi ég yður: Áður en Abraham fæddist, er ég. „ (Jóh 8:56-58) - Hér kemur berlega fram að Kristur var til á undan öllu öðru í heimi hér. Mennirnir hins vegar tóku ekki við boðskapnum, sem er gömul saga og ný en breytir ekki sannleikanum og áreiðanleika Orðsins sem heldur velli. Kemur enda fram í næsta versu að þeir hafi tekið upp steina til að grýta ræðumann. Grýting á þessum tíma var bara annað orð yfir aftöku á manni. Menn voru grýttir uns lífið fjaraði út. Þannig var það mál vaxið, kæru vinir.

Guð gæti ef hann vildi tengt mína og þína trú við atburðinn sem fram fór inn í gamla, slitna torfkofanum í sveit, segjum á suðurlandi, og þar innanum bláfátæka bændur og búalið sem allt var sammála um að viðhalda göfugri hefðinni sem húslestrarnir voru þó að kringumstæður væru kannski ekki ávallt eins og best var á kosið og vindur gnauðaði við glugga og blési inn um rifur á veggjum og meðfram hurðum og gluggum og á ýmsum öðrum stöðum á köldum vetrardegi og kalt væri inni og heimilismenn kappklæddir innandyra til að halda á sér hita. En samt fór stundin fram og var sem fyrr helguð þeim Guði sem kom til þjóðarinnar árið eitt þúsund og gaf öllum þá, jafnt og nú, rétt til að verða Guðs börn og endurfæðast og eignast að gjöf Heilagan Anda. Heilagi Andinn sem þetta fólk fékk er hinn sami og við berum í dag og tengir okkur við Jesú á sama hátt og forfeðurna sem gengu með Guði sínum þótt tíminn þarna á milli sé í augum manna alllangur. Þetta fólk hafði sama rétt og við til að fræðast í Guðs Orði, fá opinberun úr Orði Guðs og njóta þess að vera í samvistum við Guð sinn jafnt og við. Og líka fékk. Fyrirbænin var þessu fólki mikilvægt atriði alveg eins og í dag. Og áfram mætti upp telja.

Guð hefur ekki breytt sér og hjarta mannsins er eins og þá. Í því er hólfi sem Guð setti fyrir sinn Heilaga anda og var í Adam er hann var skapaður af leir jarðar og í hann blásin lífsandi frá Guði sem illu heilli neyddist síðar til að yfirgefa svæði sitt með vali mannsins við skilningstré góðs og ills. Frá þeim tímamarki hefur öll mannkynssagan verið skráð með blóði veginna manna og kvenna og er blóði drifinn fram á vorrann dag. Syndin opnaði og opnar hliðið fyrir einræðinu og harðræði einræðisherrans sem hugsar bara um sig sjálfan og sýnar villtu og trylltu ranghugmyndir um fyrirmyndarríkið sem aldrei mun þó ná fram að ganga og

getur ekki af orðið nema um skamma hríð en bakað fólkinu ómælda kvöl og hörmungar á meðan það er. Líkt og dæmin mörg sanna.

Helgistundin í litla torfkofanum í sveitinni var til heiðurs upprisnum Drottni. Og ekki leikur minnsti vafi á að lestrarnir, sem voru bara Guðs Orð og útlekking á Guðs Orði, samanber predikunin í kirkju dagsins, hafi haldið lífinu í fólkinu sem margt hvert lifði ekki við neinar alsnægtir í veraldlegum skilningi og varð hvern dag að reiða sig á náð og miskunn síns lifandi Guðs að hann sæi þeim fyrir fæði og nauðsynjum lífsins. Engin veit hve oft Drottinn mætti hræddri og umkomulausri manneskju sem í örvæntingu sinni grét og hrópaði bæn upp til Drottins og fékk til baka snertingu frá hæðum og bænasvar. Guð er eins í dag og starfar með sama hætti.

Hlúum að kirkjunni. Ýmislegt býr handan línunnar sem Drottinn hefur sjálfur dregið í sandinn sem engin vill fá til sín en getur samt mætt uggi menn ekki að sér og gerast kærulausir í fasi og sinni. Hvernig framhald málsins verður er undir manningnum sjálfum komið.

Kærleikurinn mikilsverði

26 maí 2012

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

Kærleikur er orð sem Kristur var upptekin við að ganga fram í og tala um við aðra. Allt sem hann gerði, öll verk sem hann vann voru merkt kærleika og elsku - til hvers? Fólksins í kring. Með væntumþykju til fólksins er kærleikurinn í sínu rétta og eðlilega umhverfi og eins og Drottinn sjálfur kennir. Krömin í mannheimum er öll vegna harðneskjunnar og andhverfu kærleikans. Manninum er ætlað að vera innan um kærleikann og þess sem hann vill standa fyrir. Maður án kærleikans fölnar og visnar og missir áttir. Kærleikurinn er mikið og máttugt afl. Fari kærleikurinn kólnandi inn í kirkju Krists er það bara synd. Köllum hlutina sínum réttu nöfnum.

„ -1- Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. -2- Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt ég hefði svo takmarkalausa trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt. -3- Og þótt ég deildi út öllum eigum mínum, og þótt ég framseldi líkama minn, til þess að verða brenndur, en hefði ekki kærleika, væri ég engu bættari. -4- Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður. Kærleikurinn öfundar ekki. Kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp. -5- Hann hegðar sér ekki ósæmilega, leitar ekki síns eigin, hann reiðist ekki, er ekki langrækinn. -6- Hann gleðst ekki yfir óréttvísinni, en samgleðst sannleikanum. -7- Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt. -8- Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi. En spádómsgáfur, þær munu líða undir lok, og tungur, þær munu þagna, og þekking, hún mun líða undir lok. -9- Því að þekking vor er í molum og spádómur vor er í molum. -10- En þegar hið fullkomna kemur, þá líður það undir lok, sem er í molum. -11- Þegar ég var barn, talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn. En þegar ég var orðinn fulltíða maður, lagði ég niður barnskapinn. -12- Nú sjáum vér svo sem í skuggsjá, í ráðgátu, en þá munum vér sjá augliti til auglitis. Nú er þekking mín í molum, en þá mun ég gjörþekkja, eins og ég er sjálfur gjörþekktur orðinn. -13- En nú

varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur. „ (1Kor 13:1-13) - Er ekki málið þar með afgreitt og ekkert meira til að tala um að þessu leiti? Við höfum þetta svart á hvítu í orðum Páls til Korintumanna og vitum að þau gilda fyrir alla kristna menn hvar sem er í heiminum?

En geta menn tekið undir umsögn sem segir að ekkert sé meira að gera og bara fylgja orðum Páls. Vissulega. En hér er hængur á sem eru ég og þú og allir hinir sem berjast og reyna í veikum mætti að halda í kærleikann sem er brothættari en flestum mönnum grunar. Í þá lífi einstaklinganna sjálfra. Kærleikurinn er ekki afl sem - hópur tileinkar sér og vex í. Takið eftir þessu. Kærleikur á við um hvern einstakling fyrir sig sem leyfir honum þá að vaxa í sér sjálfum. Enginn kennir mönnum þannig séð kærleika. En það getur Kristur gert og líka gerir. Af þá Orðum sínum sem endurspeglast hjá manningum í eigin Guðlegu verkum og eigin Guðlega talanda sem byggir upp en rífur ekki niður. Kærleikurinn er, sem sagt, einstaklingsbundinn alveg eins og trúin sjálf er. Allir hafa jafnan aðgang að kærleikanum og allir geta vaxið í honum til jafns við hvern sem er. Kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit. Vilji ég sýna af mér hörku í samskiptum við annað fólk er við mig einan að sakast en kærleikurinn í mér segir: " Nei, ekki gera það. " Kærleikurinn réttlætir aldrei mína hörku. Ekki heldur þótt menn vegi að mér jafnvel frá hægri og vinstri. Vilji ég, og velji, að mæta hörðu með meiri hörku er það mitt eigið val og segir mér og sannar að kærleikanum sé áfatt í mínu eigin lífi. Svona er kærleikurinn. Hann hnippir í menn og bendir þeim á en grípur ekki fram í fyrir þeirra eigin frjálsa vilja sem allir hafa fengið frá sjálfum Guði.

Kærleikurinn gildir fyrir einstaklinginn. Ekki hópinn. Margir kærleiksríkir menn og konur saman í hóp búa hins vegar til kærleiksríkt samfélag af þeim kærleika sem í hverjum og einum býr. Allir rækta kærleika Krists í sér. Einn kemur inn í svona hóp og á ekki til kærleika í sér sjálfum, oft reið og gröm manneskja með jafnvel allt á hornum sér, gerir að verkum að í hriktir og gæti svo farið að kærleiksríki hópurinn sé það ekki lengur heldur byrjaður að dansa með þeim gremjufulla. Við sjáum hversu kærleikurinn í verki er brothættur og ekki létt verk að ástunda og vera í kærleikanum þegar óvænt atvik ber að garði. Maðurinn er oft furðu fljótur að snúast. Trúin er nefnilega flott á meðan allt leikur í lyndi. Þá nær kærleikurinn hæstu hæðum. En þannig bara er ekki lífið nema að hluta til. Margt óvænt gerist og ávallt þegar engin á von á neinu slíku og allir jafnvel óundirbúnir. En hvernig byggðu Ísraelsmenn múrinn? Var það ekki með annarri hendi og höfðu sverð í hinni til varnar verkinu og sér sjálfum? Svona hugarfar þarf kirkjan og hinn kristni.

Já, vinir. Einn einstaklingur fær stundum breytt öllu og líka hann eða hún sem kemur en er ekki af sama anda og hinir sem fyrir eru. Þarna ríður á fyrir þessi kærleiksríku hjörtu að láta kærleika sinn ekki dofna, sem alltaf er hætta á að gerist, það vitum við, heldur þarf kærleikur minn og þinn að vaxa á akkúrat slíkum augnablikum til að mögulegt sé að þessi eini, sem er segjum til vandræða, vinnist af því umhverfi sem hann er í og komi svo til liðs við kærleikann og veri með. Og umbreytingin gerir að verkum að viðkomandi nær að sýna honum, það er Jesú, þá lotningu og ást sem er videigandi. Að trúá er endalaus vinna. Og maðurinn fær sinn mat á réttum tíma.

„ Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt ég hefði svo takmarkalaus trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt. „ (1 Kor: 13. 1- 2) - Hér kemur Páll inn með alvarlega ábendingu til safnaðarins. Hann segir mönnum að ekki sé það í sjálfu sér nóg fyrir menn að vera „ fullir upp í rjáfur „ af þekkingu á Orði Guðs (vissulega mikilvægt atriði sem

ekki er gert lítið úr) ef annað sem á að fylgja með sjálfri þekkingunni til að úr verði trú í kærleika gerir það ekki. Hér mætti spyrja sig til hvers að vera að læra (allur lærdómur tekur tímann sinn) ef við viljum ekki nýta alla kennsluna heldur bara hluta hennar og sjálfvalda kafla? Hvaða gagn er af því? Fáir kærleikurinn ekki að vaxa jafnhliða þekkingunni er til harla lítils barist. Þannig einfaldlega talar Orðið sjálft og hefur alla tíð gert.

Heimur versnandi fer og kærleikur flestra fer kólnandi. Verið að tala til kirkjunnar manna og kvenna hér en ekki heimsins sem lifir í synd og þekkir ekki kærleikann sem Kristur biður vegna þess að syndin þekkir ekki Krist. Kristur er fyrsta skilyrðið á vegferð með kærleikanum.

Ekki verður annað sagt en að kirkjan í dag hafi staðið sig vel í að frambæra söfnuðinum innihaldsríka fræðslu og magnaða kennslu sem oft snertir menn í hjartað og breytir mönnum. Ekkert vantar á þetta atriði. En samt og hver sem ástæðan er þá fylgir kærleikurinn þekkingunni ekki eftir hjá öllum vegna þess að kærleikann þarf að meðhöndla samhliða trúnni og rækta í sér sjálfum með hinu og hlúa að og meðfram hinu að gera sér grein fyrir hversu brothættur kærleikurinn er. Skoðuðu eigin viðbrögð og hvernig þú bregst við í mótblæstri að ekki sé talað um á stundum þegar aðrir eru ósanngjarnir í þinn garð. Þú sérð að kærleikurinn er brothættur við viss skilyrði í lífinu. En svona má þetta ekki vera og þarf absalút að breytast.

Til að allt fylgi kennslunni eftir og ljósið sem af kærleikanum vill skína fái að gera það þarf kærleikurinn að komast á efsta stig en ekki bara skuggi í bakherbergi sem oftast er lokað og sjaldan farið þangað inn. Þitt kærleiksljós þótt skært sé og allt saman það gagnast mér ekki mikið í mínu privat lífi heldur þarf ég að eiga til mitt eigið kærleiksljós sem skín af mínu eigin lífi í Kristi af trúnni í hjartanu. Taki ég bara bóklega partinn með mér úr kennslunni eða predikuninni, segjum það, og fer vaxandi þar, get ég að vísu fært fjöll úr stað en kærleikurinn verður ekki áberandi stærð í lífi mínu og ég held áfram að vera hvellandi málmur eða bjalla sem heyrir hátt í. Kærleikurinn hugar nefnilega ávallt að hag náungans og fólksins í kring. Enda í eðli kærleikans að breyta svo. Kærleikurinn sem er lokaður inni nær ekki skriði hjá mér undir slíkum kringumstæðum. Honum þarf fyrst að hleypa út og gefa frjálstan tauminn.

Við höfum ótal ábendingar í Biblíunni sem einmitt taka á þessu verkefni með Páli um að skorti mönnum kærleikann séu menn að vísu fullir af þekkingu á Orðinu en samt eins hljómandi málmur eða hvellandi bjalla og raunverulega óhæfir á veginum. Að vera góðilmur Kristis kemur af kærleikanum sem menn auðsýna öðru fólki. Takið eftir þessu. Þar sem þessu er áfátt í fari manna og kvenna, sem er líklega víða, að hjá slíkum er trúin hálfvolg og þarf að breytast til að Kristur fari að opinberast í dýrð í lífi fólks. Og trúin verður snarpheit en ekki lengur volg og bragðvond. Hér fáum við ágæta leiðsögn í kærleika og reynslustund fyrir hann í voru eigin fari:

„ En ef óvin þinn hungur, þá gef honum að eta, ef hann þyrstir, þá gef honum að drekka. Með því að gjöra þetta, safnar þú glóðum elds á höfuð honum. „ (Róm 12:20) – Hér, og á þessum stað, fær fólk gott tækifæri til að bæði prufa sig sjálft í sínum eigin kærleika og einnig að vaxa og fá kærleikann til að rista dýpra og teygja ræturnar dýpra ofan í sjálfa trúna sem viðkomandi á. Já, á. Kristinn maður á til trú. Spurningin er hvort hann sé að nota hana fyrir Krist, sem er annað mál.

Þinn kærleikur þó mikill sé gagnast þessari manneskju ekkert sem stendur andspænis sínu erfiða verkefni heldur hennar eigin kærleikur. Munum það. Að vísu gætir þú stigið þarna

fram og fært manneskjúni vatnsopa að drekka og þinn kærleikur styrkst af en hins ekki. Það er að segja ef svo ólíklega vildi til að þið stæðuð á sama tíma andspænis óvini hins. Líklegt er að Drottinn reyni manninn einsamla í slíkum tilvikum. Hans eigin inngríp í málið þarf til svo af vexti í kærleikanum geti orðið. Munum líka að Jesú hugar að vexti einstaklingsins sem hann að sér tekur. Munum einnig að trúin er til staðar í hjartanu og er þekkingin sömuleiðis orðin nokkur og öll skilyrði einnig fyrir kærleikann að starfa öflugur í því umhverfi. Sem ekki er sjálfgefið að sé og er vandinn sem við er að eiga. En hvað hyggst manneskjan gera andspænis þessum einstaklingi og „ óvini sínum „ sem sagði svo margt ljótt um hana og við hana, gerði svo margt á hlut hennar, laug svo mörgu upp á hana og gerði henni óskunda hvenær sem færi gafst? En akkúrat þarna fékk kærleikurinn sínar kjöraðstæður til að starfa í. Já elskuðu vinir! Drottinn hugsar málin öðruvísi en við.

Ef við viljum vera heiðarleg standandi andspæni svona verkefni „ óþokka „ sjáum við að kærleikur er ekki einfalt mál og afar brothættur í meðförum er á reynir. En akkúrat af viðbrögðum okkar á þessu andartaki sést best á hvað vegi við erum stödd í kærleikanum og hverju trúin í hjartanu hefur áorkað. Ef við göngum til mannsins óhikað með vatnsglasið og réttum honum er hann ekki lengur óvinur heldur orðin vinur, hvernig sem þælingarnar á undan voru. Verkið var nefnilega unnið af hreinum kærleika og hefði ekki gerst með neinum öðrum hætti. Kærleikurinn ýtti okkur af stað og kláraði málið. Kærleikurinn hylur fjölda synda. Ekki satt? Og það sem meira er. Mikilvæg lækning hefur átt sér stað í eigin hjarta. Óvinur er ekki lengur til staðar. Bara vinur. Kristur lætur þig eða mig ekki standa andspænis skæðum andstæðingi með ekkert í höndunum. Þvert á móti hefur hann undirbúið allt. Spurningin er hin sama. Hvað viljum við? Gera vilja Drottins eða okkar eigin?

En breyttum við rétt? Jú, það verður að segjast eins og er. Við nefnilega gengum til mannsins og færðum honum vatnsglasið sem hann bað um. Og björninn vannst og kærleikurinn færðist upp um eina tröppu. Ekki lítið afrek það. Það borgar sig að hlýða Guði.

Hvað segir ekki á öðrum stað í Helgri Bók?: „ **Og reynið mig einu sinni á þennan hátt segir Drottinn allsherjar, hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himinsins og úthelli yfir yður vfirgnæfanlegri blessun.** „ (Mal 3:10b) – Orðin í Malakí má vel yfirfæra á gerninginn sem var mannum svo erfiður en hann ákvað þó að glíma við og stíga skref - já, í þágu kærleika Jesú Krists. Takið eftir þessu! Svona skref verða nefnilega aldrei stigin nema í trú sem hefur fengið að bála upp kærleikann, þennan agabbe, Guðlega og hreina kærleika sem setur engin skilyrði heldur bara elskar og allt fólk getur eignast og tileinkað sér í eign lífi. Á þetta í sér sjálfum er maðurinn raunverulega að fá reynslu sem stendur andspænis hinum, óvini sínum , sem bað um vatnsglas að drekka og fékk úr hans hendi. Afar mikilvægt að komi fram.

En af hverju skildi maðurinn hafa beðið hinn um sitt vatnsglas vel vitandi um óvinskapinn á milli þeirra? Liggur ekki í augum uppi að báðum hafi verið kunnugt um það atriði? Líklega til að rétta fram sáttarhönd. Sannleikurinn er að óvinátta, sem oft er illvíg, er þreytandi til lengdar. Hún lýir menn og tærir þá upp og er þeim stöðugt áreiti sem vel má líkja við steinvölu sem endalaust nuddast upp við hjartað og gefur engin grið og hindra menn í að ná eðlilegri hvíld sem öndvert er fóður fyrir ýmsa kvilla.

Enn og aftur má sjá kærleika Jesú sem vill að maðurinn lifi góðu lífi þessi fáu ár sem honum er gefin á jörðinni. Skilyrðin eru fyrir hendi og birtast fólkinu í trúnni og í ástund trúarinnar. Kærleikurinn er afskaplega merkilegt fyrirbæri sem tíma tekur fyrir menn og konur að ná og

skilja. Hver maður keppi endalsut eftir kærleikanum og viti að kærleikurinn þarf að fá að vaxa í hjartanu og starfar með trúnni. Engu öðru.

Að koma að „óvini sínum“ – höfundur er reyndar sjálfum illa við að nota þetta orð óvinur, svo því sé haldið til haga, – og færa honum eitthvað fallett er einvörðungu gerlegt í kærleika sem við verkið tekur stökk upp á við í hjartanu og nær nýju haldi. Trúin því. En jafnvel stóra stökkið sem þannig náðist, og það stærsta til þessa, segjum það, er ekki sjálfgefið að viðhaldið á sama stað til eilífðarnóns. Sé kærleikurinn ekki ræktaður og honum daglega viðhaldið fer með hann eins og allt annað sem vanrækt er að kærleikurinn byrjar að kólna svo að fúna, loks að brotna uppúr. Eyðingin er framundan. Ástæðan er einföld og bara ein. Allt sem fær ekki næringu og eðlilegt viðhald fölnar og lætur á sjá.

Aðstæður fólks breytast. Fólk þreytist og við það eitt að þreytast andlega séð, kemur inn hugsun og hugsunin leiðir viðkomandi bara þangað sem hún vill og ekki alltaf til kærleikans og trúarinnar þótt eitt sinn hafi málin verið í þessum farvegi og hvergi veikleikamerki að sjá. En nú er önnur stað uppi sem koma þarf gegn og hrinda af sér. En hvort verði farið í verkið er spurning sem engin svarar nema sá eða sú sem í lendir og upplifir sinn trúarlega þurrk.

Aftur kemur að verki lifandi trúar og kærleika sem hindrar að slík staða nái fótfestu í hjartanu. Hvað viljum við gera og hvernig trúarlífi að lifa? Sigrandi eða í gremju, biturleika og endalausum hefndarhug? Mitt er valið.

Trúin er daglegt viðfangsefni. Líka að viðhalda og vaxa í kærleika. Leiðbeiningarnar eru tiltækar í Biblíunni. Trúin er okkur gefin frá hæðum og þaðan kom líka Heilagur Andi sem hjálpar okkur við að skilja Orðið og hví svo brýnt sé að fara ekki bara eftir sumu heldur hverjum stafkrók Orðsins. En vegna þess hve margir taka Biblíuna ekki nógu alvarlega fyrir sitt líf bíður kærleikurinn hnekki og getur ekki verið sú vörn fyrir líf manna og kvenna sem kærleikanum er ætlað að vera. Og brestir koma upp í söfnuðinum með afleiðingum sem engin veit hvar endar, náist ekki að koma skikki á atburðarrásina í tæka tíð. Og skikk verður einvörðungu komið á með mönnum og konum sem merkt eru trúnni og starfa kærleika Jesú Krists. Að öðrum kosti næst ekki sátt sem teljast má ásættanleg og starfið riðar og spurning orðin um hvenær það falli. Til alls er að vinna mínir kærur, elskuðu vinir.

Það sem þarf er þykkur og öflugur kærleikur Guðs og vita umfram annað að kærleikurinn verður að fá að vaxa upp meðfram þekkingunni sem við erum orðin uppfull af. Og Guðs sé lof fyrir það. Sannleikurinn er að þekking mín á Orði Guðs segir ekkert um það hvort ég sé kærleiksrík manneskja. En ég get vel orðið gangandi kærleikur sem aðrir snertast af og sækjast í að vera innanum. Ég hef því markmið.

Páll í orðum sínum í 1 Korintubréfi kemur inn á þetta atriði með orðunum „**hljómandi málmur eða hvellandi bjalla.**“, Kærleikurinn er afl sem ekki virkar nema að hann fái að ganga með trú. Í trúnni kemur svo þekking til að mynda hvað kærleikur sé í raun og veru. Kærleikurinn gengur með heiðarleikanum en stígur til hliðar þar sem óheiðarleiki er unninn og máski í hávegum hafður, höfum þetta á hreinu og hvaðeina annað sem Guð vill að maðurinn viti um. Allt svona í verki styrkir göngu hans til góðs.

Maður sem leyfir kærleikanum að vaxa, jafnhliða vexti trúar, getur ekkert orðið neitt nema öflugur Guðsmaður eða Guðskona. Ég þarf að eiga til kærleika og vita að kærleikurinn er gjöf sem Guð gaf en er á minni ábyrgð að rækta og nota rétt. Þetta er mikilvæg pæling því einn daginn gæti svo farið að Guð, engin maður, setji í veg fyrir mig svokallaðan óvin. Og

hvað hyggst ég þá gera og hve djúpt nær kærleikur minn á því augnabliki? Kannski er hann akkúrat þá út á túni, kannski átti ég aldrei til neinn alvöru kærleika, kannski var ég akkúrat á þessum degi ekki í mínu besta skapi. Hvað ætla ég að gera? Kristur segir okkur að vera viðbúinir hinu óvænta sem merkir að vera biðjandi til hans í tíma og ótíma. Við sjáum að kærleikurinn er ekkert létt verk og ekki ávallt ofarlega í hjartanu sem öndvert gerir hann svo brothættan.

En hér er ég og kominn á ákveðinn stað og stend andspænis tiltekinni manneskju „ óvini mínum. „ Eigi veggir að brotna og hlekkir og fjötrar að hverfa er eitt til ráð. Ég stíg sjálfur til hliðar og hleypi trúnni að og vel að gefa henni fullt frelsi til að athafna sig og starfa að vild sinni í kringumstæðum. Trúin hefst þegar handa og kallar eftir kærleikanum sem var sem betur fer örlítið meira en hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Guði sé lof. Sigur vannst. Kærleikur minn vann sinn sigur og nafn Drottins er lofað.

Ljóst er að án kærleikans munu mál klúðrast og sáttargjörðin fara út um þúfur. Drottinn leiðir fólk fram til sáttu ekki til áframhaldandi erja eða niðurlægingar. Gerði Guð það ynni hann að hætti heims og syndar þar sem engin eftirgjöf er á neinu og stálin stinn mætast út í eitt. En Guð er ekki svoleiðis Guð og kirkjan hans má ekki heldur vera í slíkum farvegi og þarf þess heldur ekki með trúna og kraft trúarinnar í sínu ranni, Heilagan Anda í sínu ranni, Orð Guðs í sínu ranni og sjálfan Jesú, Friðarhöfðingjann sem leiðir, stýrir og stjórnar á sinn nærfærna og mjúka hátt. Allt er til staðar. Ekkert vantar.

Og hvað segir ekki hér?: „ **En réttlætið af trúnni mælir þannig: Seg þú ekki í hjarta þínu: Hver mun fara upp í himininn? það er: til að sækja Krist ofan, eða: Hver mun stíga niður í undirdjúpið? það er: til að sækja Krist upp frá dauðum. Hvað segir það svo? Nálægt þér er orðið, í munni þínum og í hjarta þínu. Það er: Orð trúarinnar, sem vér prédikum.** „ (Róm 10:6-8) - Kristur er upprisinn og sestur við hægri hönd Föðurins á himnum. Og það er búið að senda niður til jarðarinnar Heilagan Anda og gefa mannum trú og allan nauðsýnlegan styrk trúarinnar sem og að opna honum veginn til lífsins tré. Þetta er allt frágengið og tilbúið til notkunar. Málið, og hið erfiða fyrir manninn, er sjálf gangan. Trúin sjálf. Að fara vaxandi í henni og leyfa kærleikanum að fylgja trú og þekkingu er viðfangsefnið og daglega verkefnið sem öllum kristnum mönnum er ætlað að ástunda allt sitt líf. Við það gerist margt sjálfkrafa. Eitt er að léttara verður að færa „ óvini sínum „ (hræðileg orð) vatnið biðji hann slíkrar bóna. En skrefið verður samt áfram ristastórt og liður í bættri líðan og aukins kærleika. Og Drottinn mun áfram heiðra slíka viðleitni manna. Honum er kunnugt um og veit hve erfið skrefin eru undir slíkum kringumstæðum en hlífir fólki samt ekki við að stíga þau og hefur áður undirbúið fund með mannum sem kallaði á vatnsglasið. Það eru einmitt þessi erfiðu, já, ofsalega erfiðu skref sem gefa mannum svo mikið í bæði trú og kærleika sem Biblían segir um að sé mestur af öllu í Guðs ríkinu.

Í þessu ljósi er það rangt hjá hverjum sem snýr upp á sig og strunsar burt án þess svo mikið sem kasta kveðju á manngrey sem bað um eitt lítið vatnsglas og er tilbúin í sáttina sem er svo mikilvæg til að fólk fái lifað heilbrigðu og eðlilegu lífi en gerist ekki sé kærleikanum áfatt og endalaust hugsandi um mann og konu sem sinn óvin. Kristið fólk taki orðið " óvinur " út úr sínum orðaforða og elski alla menn í staðinn. Sem er betra:

„ **Vér eigum ekki að halda áfram að vera börn, sem hrekjast og berast fram og aftur af hverjum kenningarvindi, tæld af slægum mönnum með vélabrögðum villunnar. Vér eigum heldur að ástunda sannleikann í kærleika og vaxa í öllu upp til hans, sem er höfuðið, Kristur. Hann tengir líkamann saman og heldur honum saman með því að láta**

sérhverja taug inna sína þjónustu af hendi, allt eftir þeim krafti, sem hann úthlutar hverri þeirra. Þannig lætur hann líkamann vaxa og byggjast upp í kærleika. Þetta segi ég þá og vitna í nafni Drottins: Þér megið ekki frammar hegða yður eins og heiðingjarnir hegða sér. Hugsun þeirra er allslaus, skilningur þeirra blindaður og þeir eru fjarlægir lífi Guðs vegna vanþekkingarinnar, sem þeir lifa í, og síns harða hjarta. „ (Efe 4:14-18)

Réttlæti Guðs

10 apríl 2012

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Réttlæti er orð sem flestum líkar. Allir vilja búa og hafa réttlæti í kringum sig. Réttur sérhvers manns er að búa við réttlæti sem er þá réttlæti. En hvað er réttlæti og hvenær erum við inn í réttlætinu? Þessi spurning er snúin og mörg svör við henni og tekur líklega til afstöðu hvers um sig varðandi réttlæti og spurningarinnar um hvað raunverulegt réttlæti sé. Réttlætið liggur nefnilega ekki alltaf á lausu og er heldur ekki ljóst hjá öllu fólki og segir okkur að menn þurfi hjálp til að skilja og meðtaka rétt þetta orð réttlæti. Við höfum ítrekað fengið að sjá að heimurinn er ófær um að koma á réttlæti sem stendur undir nafni. Sum verk mannanna eru hreinlega glæpsamlega en fá þó að standa óhreyfð áratugum saman og öllu hampað með andlit á sér sem ekki er hið rétta. Slík verk hrynja til grunna undireins og lítilsháttar birtu byrjar leika um þau. Svona réttlæti er til en allir viðurkenna og sjá að er andhverfa orðsins réttlætis eins og orðið var í fyrstu hugsað.

Áður en lengra er haldið skal eitt haft hugfast að alvöru réttlæti er ekki mannverk heldur Guðsverk sem kemur af boðun og kennslu sannleikans sem til að mynda segir okkur allt um okkur sjálf og leiðina sem við getum farið frá sjálfinu og til þess staðar sem þetta ekta réttlæti á heima og fær í alvöru þrifist og dafnað. Réttlætið býr ekki í holdi mannsins, ekki hyggju mannsins, ekki uppfinningum mannsins án Guðs né í kerfum sem maðurinn hefur sjálfur gert heldur Guði sem er góður og með alla þræði í sinni hendi. Þessu vilja fáir því miður taka við en breytir ekki staðreyndinni að Guð er og ekki á leiðinni neitt í burtu. Og hér, takið eftir því, horfum við beint á sjálfan sannleikan sem opinberar fólki allt um raunverulegt réttlæti.

Er það til dæmis réttlæti eins og gerist æ oftar að menn og konur séu svipt ærunni af sögusögnum einum saman og engar sannanir lagðar fram og þær sem koma orka meira og minna allar tvímælis og segja raunverulega engum neitt um sekt né sakleysi? Enda hvorki fugl né fiskur sem almannrómur þó tekur undir og æsir sig upp út af? Að vísu selja fjölmiðlarnir vegna slíks fréttáflutnings. En er réttlæti í að þéna á slíkri sölumennsku? Af og frá en er samt staðreynd og blífir nú um stundir. Hvernig stendur á því að þetta fær þrifist í mannheimum þótt öllum megi ljóst vera að sameinar engan, réttlætir ekkert, færir hlutina ekki í lag heldur sundurdreifir og setur fólk í flokka og dregur í dilka. Bara eitt svar er til. Og það hljómar svona: „ Munnurinn mælir það sem í hjarta hveirrar manneskju býr og tíðarandinn tekur undir þetta sem er raunverulega á sama stað að þessu leiti og sannast eins og sést af verkum hans. „ Og hvað sagði ekki Kristur um verkin? Skoðum það:

„ Ef ég vinn ekki verk föður míns, trúið mér þá ekki, en ef ég vinn þau, þá trúið verkunum, þótt þér trúið mér ekki, svo að þér skiljið og vitið, að faðirinn er í mér og ég í föðurnum. Nú reyndu þeir aftur að grípa hann, en hann gekk úr greipum þeirra. „

(Jóh 10:37-39) - Hér bendir Kristur á verk sem tali sínu máli. Og verk tala alltaf ákveðnu máli. Ekki satt? En við vitum að verk Jesú voru góð og fólki til þægilegs ilms. Sum verk manna eru ekki svona heldur andhverfa alls góðs og göfugs. Af slíkum verkum leggur engan ilm heldur annarskonar lykt og öllu verri. Einmitt vondu verkin koma því svo í kring að ekkert alvöru réttlæti er til og jafnvel dómstólar eru ekki vakandi á verðinum og lög óljós sem þeim er gert að dæma eftir að Hæstiréttur, efsta dómstig þjóðarinnar, lendir sumpart í vandræðum. Það er ekkert réttlæti til í vorum volaða heimi sem menn endalaust eru að staga í og reyna í veikum mætti að betrubæta en eiga engin ráð til. Með Guð fyrir utan þá bara gerast svona hlutir sem allir stynja undan en leita ekki til hans sem fær fært allt í lag og hefst undireins handa og honum er veitt til þess heimild. Málið er að Guð er góður og gefur mannum fullt valfrelsi líka þegar kemur að honum sjálfum. Guð er lifandi og með auga á öllu sem hér er að gerast og grípur inn í atburðarrás þegar hann sjálfur kærir sig um og breytir ganginum af þeirri ástæðu einni að hann hefur áætlun sem mun ganga í uppfyllingu samkvæmt plani. Tímasetningar veit hann einn um. Líka þess vegna standa þessi Orð: „ Verið vakandi „- á nokkrum stöðum í Biblíunni.

Staðreynd málsins er að Guðleysið og fráhrarfið frá Guði og kirkju hefur bitið í okkar sjálf og búið til opin sár víða á líkamanum sem vilja ekki gróa. Um þau er ekki hirt þótt fólki sviði undan og líði illa af þess völdum:

„ **En ég segi yður sannleikann: Það er vður til góðs, að ég fari burt, því ef ég fer ekki, kemur hjálparinn ekki til yðar. En ef ég fer, sendi ég hann til yðar. Þegar hann kemur, mun hann sanna heiminum, hvað er synd og réttlæti og dómur, syndin er, að þeir trúðu ekki á mig, réttlætið, að ég fer til föðurins, og þér sjáið mig ekki lengur, og dómurinn, að höfðingi þessa heims er dæmdur.** „ (Jóh 16:7-11) - Þökkum Guði það kærleiksverk að taka Krist upp til sín til að hann fengi sent niður til jarðarinnar og til sinna manna Heilagann Anda sem gefur nægilegan kraft inn til að verk hans og sannleikur óma og hljómi áfram inn í tíðarandann hvernig sem hann er útlítandi þessa eða hina stundina. Guð er stórkostlegur og engin sem þekkir mátt og megin Drottins vill skipta honum út fyrir neitt annað í lífinu. Slíkir eru yfirburðirnir.

Syndin vinir kom því svo til vegar að réttlætiskennd flestra manna fór á hvolf og er svona í dag og öðruvísi á morgun. Maðurinn án Guðs og Orðsins sem hann sendi frá himnum setur allt á fleygiferð og býr til ringulreið. Og þar sem ringulreið er hvar er þá réttlætið og hvaða réttlæti koma menn á undir kringumstæðum ringulreiðar? Líklega réttlæti frumskógarins, réttlæti hefndarinnar, réttlæti rógburðarins og sögusagnanna, eða hverju réttlæti sem er og menn vilja að viðgangist en er ekki réttlæti heldur hneisa þegar öllu er á botninn hvolft. Trúið því að Guðleysi fær ekki byggt fyrirmyndarríki. En hversu oft hefur það ekki verið reynt?

Við sjáum hér að kirkjan má ekki undir neinum kringumstæðum hvika frá sannleika Orðsins. Orðið verður áfram að fá að vera bjargið sem fólk fær byggt líf sitt á og er einfaldlega réttur fólks kominn beint frá Guði sjálfum sem bendir alltaf á kirkjuna hvernig sem vindar blása og stormar æða yfir og hrista og skekja allt í kringum okkur að manni finnst allt ganga yfir á sama andartaki. Kirkjan má ekki veiklast í erli daganna og mun heldur ekki gera standi hinn trúaði trúarvaktina eins og vera ber og geri sér grein fyrir að Jesú Kristur sé hinn sami í gær og í dag og verði líka á morgun. Þess vegna setjum við alla von vora til hans sem er og veit hvað hann syngur og veit fullvel hvað morgundagurinn hefur í skauti sínum. Ekkert er að óttast. En hugsunin um að trúin megi ekki veiklast gerir varðstöðuna svo mikilvæga og lífnauðsýnlega öllu fólki. Mín varðstaða er lykilatriði. Svona geta menn hver fyrir sig mælt og mæla þá sannleikans Orð í Jesú nafni.

Trúin segir okkur að réttlætið búi allt hjá og í Guði. Orðið segir okkur allt um hvað Guð á við með þessu orði réttlæti. Af þessu má ráða að trúin sé hreinlega nauðsýnleg í lífinu vilji menn að hér ráði og ríki alvöru réttlæti en ekki þetta stagbætta svokallaða réttlæti sem er breytingum undirorpið eins og vindurinn sem blæs úr þeirri átt sem hann sjálfur vill:

„ Símon Pétur svarar: Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs. Þá segir Jesús við hann: Sæll ert þú, Símon Jónasson! Hold og blóð hefur ekki opinberað þér þetta, heldur faðir minn á himnum. Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, og máttur heljar mun ekki á henni sigrast. Ég mun fá þér lykla himnaríkis, og hvað sem þú bindur á jörðu, mun bundið á himnum, og hvað sem þú leysir á jörðu, mun levst á himnum. „ (Matt 16:16-19) - Kristur gefur út yfirlýsingu um vald til sinna manna. Vald sem gengur óbreytt niður kynslóðirnar. Kirkjan er ekki nýtt fyrirbæri í veröldinni og hún stendur af þeirri ástæðu einni að sá lifir í dag sem Orðin mælti við Pétur, sem sjálfur er löngu horfin yfir móðuna miklu og aðrir gegnir í hans verk á jörðinni að vinna sömu vinnu og honum var boðið að gera, að koma afrakstri akursins í hlöðu Guðs. Hlaðan og akurinn er verkefnið. Tæma akurinn og fylla hlöðuna er málið og vinnan endalausa. Við þurfum að þrauka og gerum í trú vorri og höfum ekki aðra leið.

Allir menn sem una réttlætinu eru sammála um að til að mynda málfrelsi sé partur af réttlætinu. En er málfrelsi viðhaft og fá menn að tala eins og býr í hjartanu öll orðin sem vilja brjótast fram og til eyrna fólks? Allir eru sammála um að svo sé ekki í öllum atriðum og hefur kannski aldrei verið í verki hvort sem er á opinberum vettvangi að í litlum og stórum hópum sem menn búa til með samverunni. Sjáum til að mynda kirkjuna á Íslandi í dag. Prestar tala opinberlega og menn ráðast jafnvel fram á ritvöllinn og hvar sem er og tala gegn því sem prestur sagði í ræðu og segja hiklaust að svona megi maðurinn ekki tala en tala í hinu orðinu um frelsi manna til að tala. Hér rekst allt á hvers annars horn. Nær málfrelsið þá ekki líka til kirkjunnar fólks? Og hvað var það sem kirkjunnar maður sagði. Sannleikann um tíðarandann, að dæmi sé tekið. Er þetta málfrelsi að bana slíkt tal? Allir sjá að svo er ekki. Er þetta réttlæti? Hver dæmi fyrir sig. En höfundur segir nei og bendir á að þetta sé ekki réttlæti. Hvar eru viðmiðin og hver sker úr um hvað má segja og hvar skal þegja? Hver nema hjarta mannsins sjálfs sem er viti borið og getur greint gott frá illu og gerir líka allstaðar þar sem heilbrigð skynsemi ræður för. Munnurinn mælir gott frá góðum sjóði hjartans. En sé þar illska, myrkur og myrkvaðar hugsanir kemur það fram í máli manna sem og öllum viðhorfum. Þetta er allt í okkur sjálfum sem gerir það svo mikilvægt að þekkja sjálfan sig vel og fylla eigin hirslur góðu einu. En hvernig er það hægt með þá vitneskju að syndin lýgur blákalt að öllum sínum fjölmörgu fylgjendum og hefur engan áhuga á að maðurinn læri gott og gagnlegt um sig sjálfan. Þarna mun allt standa stopp uns sannleikurinn nær tókum á hjartanu og trúin kemur og syndin og fær ekki lengur logið. Syndin er öflugt og mikið afl sem maðurinn kemst ekki undan í eigin mætti en bending frá Kristi hrekur burt frá mannum og hann færir yfir á stað sannleikans. Guðsríkið er sannleikur. Guðsríkið er réttlæti mannum ætlað. Eins og segir hér:

„ En ef ég rek illu andana út með Guðs anda, þá er Guðs ríki þegar yfir yður komið. Eða hvernig fær nokkur brotist inn í hús hins sterka og rænt föngum hans, nema hann bindi áður hinn sterka, þá getur hann rænt hús hans. Hver sem er ekki með mér, er á móti mér, og hver sem safnar ekki saman með mér, hann sundurdreifir. „ (Matt 12:28-30) - Kristur talar um Guðsríkið sem með bendingu frá sér komi yfir menn. Guðsríkið merkir opinberun fyrir manninn og hann staðfestir með sér sjálfum að er raunveruleiki. Ekki sýnilegt berum augum manna en samt til. Og hann dregur línu í sandinn með orðunum: „Hver sem er ekki með mér, „ - og svo framvegis. Engin fær hlutlaust svæði í Jesú sem hann getur sprikla á

að vild. Hjá Jesú er annaðhvort eða. Við sjáum að maður sem kemur gegn kirkjunni er andstæðingur Krists. Kristur er höfuð kirkjunnar. Afbrot einstakra manna er annað mál. Séu afbrot framin taka lögin yfir og gildir um allt fólk en réttlætir ekki andstöðu manna við kirkjuna og allt sem hún stendur fyrir til góðs fyrir fólk. Sé andstað í gangi ná Orðin í ritningaversinu yfir hana og viðkomandi fer í flokk þeirra aðila sem hafa að markmiði að sundurdreifa en smala ekki saman, og gera sig sjálfa að andstæðingi lifandi Guðs. Að sumra áliti er um réttlætismál að ræða en er það ekki þegar allt er skoðað og dæmin mörg sanna og munu áfram sanna. Sannleikurinn talar í þá veru. Hví gera menn sjálfa sig að andstæðingum Guðs og taka þátt í óhæfu sem er því samfara að dreifa fólk og tvístra í allar áttir í stað þess að kalla menn saman til góðverka? Og hver skilur mannhjartað nema sá sem trúin hefur tekið að sér og frætt og fengið til að viðurkenna syndina sem óskaplegt afl í lífinu sem engin maður fær losnað frá nema fyrir atbeina Drottins? Syndin er vandamál. Hún kemur því svo til vegar að réttlætið næst ekki fram heldur ójfnuður sem sumir menn kalla reyndar réttlæti og benda þá á venjur og hefðir sem er svo sem í lagi með en ekki endilega vísbending um ekta réttlæti. Þótt svo geti vel verið í undantekningartilvikum.

Trúin kemur því til vegar að brestir opinberist og veikleikin kemur fram. Ekki til að lemstra meira en þegar er orðið heldur til að menn sjái og viðurkenni að trúin sé mikilvæg og nauðsýnleg lífi fólks og vilji koma öllu aftur í gott lag. Þá lærir maðurinn að frambera, ekki eigið réttlæti, heldur réttlæti Guðs sem hann orðið viðurkennir af hjarta og í sannleika að sé hið eina sem standi undir nafni.

Hér erum við komnir að ákveðnum kjarna. Biblían segir að maðurinn mæli það sem í hjarta hans hefur hreiðrað um sig. Spurningin er hvað þar er og hvort það sé frá Guði komið eða sora eigin hugsanna og atgangi heimsins og hans sem er hér til að stela, slátra og eyða og við vitum að heitir Satan. Hvað býr í þessu hjarta? Er hjartað myrkvað uppúr og niðurúr eða baðað birtu sem lýsir allt upp innra með fólk?:

„ Safnið yður heldur fjársjóðum á himni, þar sem hvorki eyðir mölur né ryð og þjófvar brjótast ekki inn og stela. Því hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera. Augað er lampi líkamans. Sé auga þitt heilt, mun allur líkami þinn bjartur. En sé auga þitt spillt, verður allur líkami þinn dimmur. Ef nú ljósið í þér er myrkur, hvílíkt verður þá myrkrið. „ (Matt 6:20-23)

Hér kemur Drottinn inn á þetta atriði um menn sem annars vegar temjast við birtu og hins vegar fólk sem dregur sig inn í dimmuna. Takið eftir því að við tölum um val og að menn velji sjálfir staðina sem þeir fara á til langrar eða stuttrar dvalar. Viljum við vera sanngjarnir sést vel að þessir tveir einstaklingar eru eins og himinn og haf í afstöðu sinni til mála. Sá í birtunni er fullur vonar og er upptekin við lausnina á meðan hinn, sem er í dimmunni, efast og efast svo meira og sér aldrei neitt ljós í neinu. Sjá menn mun þarna? Guð gefi að svo sé jafn mikilvægt og það er öllum sem vilja komast skrefinu lengra til farsældar. Maður myrkursins (verið að fjalla um andlegt myrkur) hefur dæmt sig sjálfan, takið eftir þessu, til að vera í örvæntingu og meira og minna í þungum þönkum, já, ef svo ber undir, allt sitt líf, sem engum manni er ætlað að búa við og þarf heldur ekki og getur vel orðið þessi maður sem valdi birtuna og lifir í von um betri tíð og blóm í haga þrátt fyrir að honum sé þrengt um stundarsakir. Reynslan hefur kennt honum að hagar vankæst. Stundin núna er ekki endalok alls og gæti orðið upphaf einhvers nýs. Litla ljóstýran handan við þetta allt segir þetta við sinn mann. Hún nefnilega slokknaði aldrei til fulls þó lítill hafi verið á tímabili og vart greinanleg. En samt logaði agnarlítið ljós. Vonin vildi ekki sleppa tókum sínum á haldreipinu. Og vonarneistinn hvarf ekki. Og svo kom sigurinn sem birtan bar til hans og

viðkomandi meðtók. Trúin styrktist og sagði allan tímann hvert skildi horft. Öndvert við hinn sem aldrei komst upp í birtuna í sinni afstöðu með enga burði né löngun til að taka við þessu ljósi til að létta ögn á helsjúku hjartanu en var samt allan tímann hans fullkomni réttur og réttlæti Guðs honum til handa en viðkomandi bar sig ekki eftir og missti svo af sínu eigin hjálpræði sem hefði á stund örvæntingarinnar aflétt byrðum og gert eftirleikin allt að því léttan. Líklegt er að andlit manneskjunnar í myrkrinu hafi verið fast á því og gleypst allt í henni sjálfri. Stundum þurfa menn bara að gera eitt. Snúa sér við.

Takið eftir einu að bæði maður ljóssins og maður myrkursins fengu lausn. Svona bara er lífið. En gæfumunurinn og það sem breytti öllu hjá manni birtunnar er að trúin hélt við fullvissunni um bata. Trúin vinir er lifandi afl en ekki dauður hlutur sem skiptir engu máli.

Munurinn á þessum tveim aðilum er hrópandi og liggur í augum uppi. Annar trúði frá fyrstu tíð á lausnina og mundi eftir að grípa til þakklætisins er hún var í hendi en hinn ef til vill ekki og hafði fyrir vikið ekki af sama lærdóm sem hugsanlega drægi hann burt frá þessu ömurlega myrkri í framtíðinni og tengdi hann við blessandi og lækandi birtunni. Maður myrkursins þakkaði þar af leiðandi engum en var vitaskuld ánægður með að vera laus sem hann fann á sér sjálfum að gerðist:

„ En einn þeirra sneri aftur, er hann sá, að hann var heill orðinn, og lofaði Guð hárra raustu. Hann féll fram á ásjónu sína að fótum Jesú og þakkaði honum. En hann var Samverji. Jesús sagði: Urðu ekki allir tíu hreinir? Hvar eru hinir níu? „ (Lúk 17:15-17)

Hér má sjá greinilegan mun á trú og vantrú og hvernig menn bregðast við og ekki allir í þakklæti fyrir lækninguna. Á þessum stað, stað dimmu og volæðis, taka menn líf sitt en ekki á stað gleðinnar og hlátursins sem allir menn lifa líka í sinn afmarkaða tíma og munu aftur fara til eftir að hitt ástandið er um garð gengið. Líkþráu mennirnir eru mynd upp á þetta og líka hugsunarleysi fólks oft átíðum gagnvart honum sem snart þá. Það er Jesú.

Allt líður og við tekur sléttur sjór. Horfðu til baka og á alla ólgusjóina þar sem þú hefur lent í. Einnig skaltu mundu að þú ert hér þrátt fyrir þá alla saman. Þeim tókst ekki að granda þér.

Vinir! Lærum að meðtaka og að sjá að ýmislegt er hægt og að margt getur hent á æviskeiðinu og að ekki er öll von úti þó á móti blási og erfiðleikar komi. Allt vegna þess að til er réttlæti Guðs sem er hér til að leiða manninn til iðrunar en hart hjarta þvertetur fyrir neina handleiðslu frá hæðum og hugur og hjarta berst á móti öllu sem er Guðs og réttlæti Guðs. Myrkrið leikur áfram um og er partur af lífi of margra manna og er í raun hörmulegt að skuli vera. Mikilvægt atriði hér. Ekkert ljós er kveikt:

„ Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum. Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist. Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker, heldur á ljósastiku, og þá lýsir það öllum í húsinu. Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna, að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum. „ (Matt 5:13-16)

Ljósíð er magnað fyrirbæri og aðgreinir manninn og gerir vonglaðan, öndvert við svæðin sem ekkert ljós skína á sem býr til dökkan huga og myrkvað hjarta. Maðurinn er bæði líkamleg- og andleg vera. En málið með trú og vantrú er að þetta tvennt mun ávallt líta atburðina sitt hvorum augum. Afstaða vantrúarinnar má ekki hafa áhrif á vissu trúarinnar sem segir við sína að saltið sé hún sjálf og að mikilvægt að viðhaldast og vaxa til að ljósið sé áfram á ljósastikunni en dragist ekki hægt og bítandi undir bekkinn sem að endingu gefur aðeins frá

sér draugalega birtu engum er til gagns og menn falla þá undir þau Orð Drottins sem segir að saltið sé orðið til einskis gagns og að því verði fleygt. Ábyrgð hvílir á kristnu fólki sem einkum fellst í að fræða aðra um mátt og megin Guðs og segja við það að til sé von og lausn.

Tveir menn geta séð sama hlut sitt hvorum augum. Fer eftir afstöðunni og því sem býr í hjartanu. Á hvorum staðnum vilja menn svo vera? Á stað trúar og þakklætis til lifandi Guðs eða stað vantrúar með sínum efa og miklu þraut? Hvoru megin er réttlætið? Er það ekki þar sem birtan leikur um og nær að kveikja von þar sem vonleysið hefur sogað allt líf út. Er fullvissan um að úr muni leysast og tíð skána og batna ekki skárri kostur?

Gerum trúna að kosti fyrir okkur sjálf og segjum öðrum frá henni.

Sinnar eigin gæfu smiður

(Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson 20 janúar 2012)

Að vera sinnar eigin gæfu smiður - er orðtak sem lengi hefur verið til í íslensku máli og máski margir hnotið um er þeir horfa yfir eigið líf og þar á röð atvika sem voru þung í taumi sem fólkið réð engu um en hafnaði samt í. Og þeir skilja ekki alveg í þessu hvað átt sé við þegar sagt er að vera sinn eigin gæfu smiður, horfandi á allt aðra niðurstöðu um sitt eigið líf.

Að vera sinnar eigin gæfu smiður tekur ekkert á þessu atriði í sjálfur sér því að allir vita að maðurinn lendir í ýmsu og að ýmislegt hendir fólk á lífsleiðinni og það lendir í atburðarrás sem bara kom og hvolfdist yfir eins og brotsjór sem skyndilega reis.

Biblían segir: „ **En allt það, sem ljósið flettir ofan af, verður augljóst. Því að allt, sem er augljóst, er ljós. Því segir svo: Vakna þú, sem sefur, og rís upp frá dauðum, og þá mun Kristur lýsa þér. Hafið því nákvæma gát á, hvernig þér breytið, ekki sem fávísir, heldur sem vísir. Notið hverja stund, því að dagarnir eru vondir. Verið því ekki óskynsamir, heldur reynið að skilja, hver sé vilji Drottins.** „ (Efe 5:13-17)

Hér bendir Biblían okkur á að dagarnir séu vondir sem merkir einfaldlega að maðurinn rati í allskonar raunir og sumar bæði þungar og erfiðar án þess kannski að hafa neitt það gert sjálfur sem gerði að verkum að maðurinn datt inn á þennan dimma og dökka stað sinn. Allskonar ófyrirsjáanleg atvik gerast í lífinu vegna þess, eins og áður segir að dagarnir eru vondir. Fráleitt er þó að halda því fram að málin séu alltaf svona vaxin. Sannleikurinn er oft sá að við sitjum í súpunni vegna rangrar beygju sem við tókum hvort sem var fyrir löngu eða stuttu en breytir ekki því að framhjá hvorugum þessum þáttum er hægt að horfa þegar þessi mál eru reifuð og kennir okkur að vera aðgætin í ákvörðunum og vita hvert stefni í málum.

Engin veit hvað morgundagurinn ber í skauti sínu og engin veit heldur hvernig mál nákvæmlega fara. Þetta bendir aftur og ítrekað á að dvelja með Jesú í deginum sem lofar okkur gæfu og farsæli með sér.

Er þá orðatiltækið „ Að hver sé sinnar eigin gæfu smiður „ óhæfa og rangur málflutningur? Af og frá.

Mikilvægt er að menn skilji rétt hvað átt sé við þegar svona er tekið til orða. Það skal skírt tekið fram að hér er ekki verið að ráðast með neinum hætti á tilfinningar manna né gera lítið

úr erfiðleikum, sorgum og slíkum þáttum sem menn hafna í og voru alls óviðbúnir undir en hvolfdist yfir þá með þunga og byrðum sem maðurinn jafnvel kiknaði undan og vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Og svona mætir lífið okkur á köflum.

Ekkert er átt við þetta heldur hitt hvernig manneskjan bregst við eftir að atburðurinn hefur gerst og blasir við viðkomandi sem óhrekjanleg staðreynd. Á þessum stað veltur nefnilega svo mikið á einstaklingnum sjálfum og viðbrögðum hans sem bæði geta verið rétt og því miður líka röng. Munum að röng ákvörðun er ákvörðun og að ákveðið- afl fylgir öllum ávörðunum fólks. Að ákvörðunin var öng segir sig sjálft að hún leiðir ekki til góðs eins og rétt ákvörðun myndi gera. Um þetta snýst málið merkingin um að hver maður sé sinnar eigin gæfu smiður á við. Engin ræður yfir ákvörðunum annarra manna. En yfir sér sjálfum fær hann ráðið og allt fólk er með einum og öðrum hætti tengt annarri manneskju með einum og öðrum hætti og hefur bara sín áhrif. Breyti hún ranglega gæti svo farið að aðrir söguðust með henni inn atburðarrás án þess að hafa neitt sjálft til sakar unnið. Og hve oft hefur einmitt þetta ekki gerst í lífi fólks sem það lenti í súpunni útaf og ekki skilið hví svo sé komið fyrir sér né heldur hvað raunverulega átti sér stað horfandi þaðan á staðreynd sem ekki verður vikist undan og kallar á viðbrögð sem öndvert skera úr um hvort gæfa sé framundan eða meiri vanblessun. Hver er sinnar eigin gæfu smiður. Hvernig bregst ég við undir þessu óréttlæti og þunga sem skyndilega hvolfdist yfir mig og ég kannski með allar varnir niðri akkúrat á þeim tímamarki? Hér reynir á ákvörðunina.

Og hvað segir ekki Kristur? „ **Og hví eruð þér áhyggjufullir um klæði? Hyggið að liljum vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna. En ég segi yður: Jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra. Fyrst Guð skryðir svo gras vallarins, sem í dag stendur, en á morgun verður í ofn kastað, skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér trúlitlir! Segið því ekki áhyggjufullir: Hvað eigum vér að eta? Hvað eigum vér að drekka? Hverju eigum vér að klæðast? Allt þetta stunda heiðingjarnir, og yðar himneski faðir veit, að þér þarfnist alls þessa. En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki. Hafið því ekki áhyggjur af morgundeginum. Morgundagurinn mun hafa sínar áhyggjur. Hverjum degi nægir sín þjáning. „ (Matt 6:28-34) Drottinn bendir okkur á byrðar áhyggna og gefur okkur leið frá þeim fyrir mátt trúarinnar og segir að hverjum degi nægi sín þjáning. Við glímum sem sagt við það sem blasir við núna og gerum það sem á okkar valdi er til að leysa mál núna. Og svo kemur nýr dagur með sínum byrðum vangaveltum og kannski áhyggjum. Að velja þessa leið gerir okkur að eigin gæfu smiðum þrátt fyrir óáran og hróplegt misrétti sem við máski urðum að þola vegna þess að leiðin sú arna mun að endingu fara okkur heim gæfu sem við færum inn í gangabankann okkar sem gagnlega. Það er að segja ef við spilum rétt úr kringumstæðunum sem við eltum í og er algerlega á okkar valdi að gera eða gera ekki. Við sjáum af þessu að þá eru raunverulega allir menn sinnar eigin gæfu smiðir hvernig sem árar hjá þeim og hvort viðfangsefnið sem þeir burðast með sé af annarra völdum eða eigin mistök. Fer allt eftir ákvörðuninni sem tekin var sem segjum var: „ Ekki gott. En ég ætla ekki að láta málið kaffæra mig heldur vinna mig rétt út úr. „ Og maðurinn er orðin sinn eigin gæfu smiður. Munum líka að þarna gæti hann beygt inn á ranga braut og bætt mæðu við mæðu sem engin veit svo hvar endar. Maðurinn þarf sitt baráttuþrek og hana getur hver maður eignast með því að velja rétt í kringumstæðunum. Trúin færir honum sían möguleika þarna og gengur sigri hrósandi frá viðureigninni eins siður trúarinnar að gera. Noti maðurinn hins vegar ekki trúna á sinni neyðarstund er við engan nema hann sjálfan að sakast.**

Engin þarf raunverulega að ganga nákvæmlega í spor annars manns til að upplifa eitthvað sem viðkomandi hefur lent í. Enda ekki á færi nokkurs manns að gera slíkt. Öllu fólk nægir að

líta í eigin barm og skoða sitt eigið lífshlaup og á erfiðleikanna sem hver og einn hefur sjálfur upplifað og í flestum tilvikum sigrast á. Horfum ekki framhjá þessum sannleika. Þar með er hann á vissan hátt kominn í spor annars manns þó ekki á nákvæmlega sama hátt sé.

Gleymum heldur ekki þeim sannleika að mínir erfiðleikar eru í engu minni heldur en þínir erfiðleikar eru og hafir þú reynt meira heldur en ég af erfiðleikum að þá líka hefur þú reynt mjög mikið, þó á öðrum vettvangi sé. Og þannig getum talað hvert fyrir sig. og erfiðleika mál manna jafnast þannig séð út. Munum að Biblían talar um að dagarnir séu vondir. Væru erfiðleikarnir mínir settir á vogaskál með þínum erfiðleikum er alls óvíst um hvor vogarskálín sigi neðar og líklegra að þær yrðu jafnar á vogarskálinni. Drottinn vegur sjálfur og metur reynslu og erfiðleika hvers manns fyrir sig en hvorki ég né þú. Mat Drottins er rétt og áreiðanlegt en okkar mat svona. Stundum rétt og stundum ekki og stundum algerlega ótækt. Gildir ekki um mat Guðs sem þekkir allan æviferil mannsins frá vöggu til grafar. Ekkert er honum hulið í lífi mannsins. Ekkert. En vissulega reynum við sitt hvað. Það sem ég slapp við hvolfdist yfir þig með ofurþunga og eitthvað sem þú slappst við reyndi ég á kannski afskaplega erfiðan hátt og reyndist mér þungur baggi að bera. En samt gátum við orðið okkar eigin gæfu smiðir í okkar erfiðu kringumstæðum vegna réttis vals. Nú, eða farið með þetta í gangstæða átt og þá bætt gráu ofan í svart og gert eftirleikinn helmingi þyngri en hann hefði þurft að vera. Maðurinn ræður svo miklu sjálfur um hvernig líf hans er háttáð en breytir ekki því að erfiðar kringumstæður koma og sumar ósanngjarnar og manningum í algerlega opna skjöldu. Hyggjandi segja honum að velja rétt og viskan vill kenna honum að lesa rétt úr aðstæðunum sem uppi eru. Hér hjálpar trúin honum meira en nokkuð anna fær gert og lærdómur Heilags Anda úr Biblíunni. Að eiga til trú í hinu óvænta og ofurerfiða er gulli verðmætara. Maðurinn er sinnar eigin gæfu smiður og spilaði rétt úr aðstæðum sem uppi voru. Þetta er merkingin og kennslan sem setningin færir okkur.

Þótt sagt sé „ að hver sé sinnar eigin gæf smiður „- er ekki dómur yfir lífi nokkurs manns heldur kennsla í að bregðast rétt við þegar inn í kringumstæðurnar er komið og sannleikurinn blasir við kaldur og óhrekjanlegur og ekki aftur snúið. Slæma fréttin bara er þarna jafn köld og andstyggileg og hún nú er og kringumstæðurnar, já, hrikalegar. Jafnvel þarna fær maðurinn sitt val og leiðir sem hann getur farið. Jafnvel þarna er hægt að spila svo úr málum að til góðs horfi eða er hægt að spila svo úr málum að til góðs horfi eða dimma bætist við dimmu að úr verður þreifandi myrkur og nagandi ótti sem gegntekur hjartað og færir okkur inn í nístandi kvöl. Ekki satt? Hvað sem hver segir er sannleikurinn sá að við stöndum andspænis vali og að velja rétt á sinni ögurstund þá læri maðurinn að kallar eftir viskunni sem er tiltæk en kemur ekki óbeðin til nokkurs manns. Hvað viljum við gera? Þetta inn endurtekna sjálfsvorkunn eða bretta upp ermar og koma gegn byrðunum? Val vinir

Skoðum hvernig Biblían getur mætt okkur þarna: „ **Þegar ég heyrði það, titraði hjarta mitt, varir mínar skulfu við fregnina. Hrollur kom í bein mín, og ég varð skjálfandi á fótum, að ég yrði að bíða hörmungadagsins, uns hann rennur upp þeirri þjóð, er á oss ræðst. Þótt fikjutréd blómgist ekki og víntrén beri engan ávöxt, þótt gróði olíutrésins bregðist og akurlöndin gefi enga fæðu, þótt sauðfé hverfi úr réttinni og engin naut verði eftir í nautahúsunum, þá skal ég þó gleðjast í Drottni, fagna yfir Guði hjálpræðis míns. Drottinn Guð er styrkur minn! Hann gjörir fætur mína sem hindanna og lætur mig ganga eftir hæðunum. Til söngstjórans. Með strengjaleik.** „ (Hab 3:16-19) Hér sjáum við merkilega ákvörðun og afstöðu manns sem upplifir erfiðleika og kannski hrikalega erfiðleika í sínu lífi sem hann á engan hátt var valdur að sjálfur en lenti samt í og ákveður að láta ekki buga sig heldur lifa lífinu áfram sem upprétt manneskja en ekki buguð og bæld fyllt depurð, reiði og vonleysi, sem vel hefði getað orðið hlutskipti mannsins. Maðurinn með sinni

ákvörðun og vali setur fram yfirlýsingu um að hann ætli þrátt fyrir allt að smíða sjálfum sér framtíð til gæfu en ekki sorgar og uppgjafar. Hvernig viljum við afgreiða málin frá okkur er endalaus spurningin sem hvert og eitt okkar þarf að glíma við og afgreiða jafnvel aftur og ítrekað á lífsferlinum. Við kæru vinir, ráðum mörgu sjálf, kannski öllu, um það hvernig eftirleikurinn verður og líka þó að kringumstæðurnar sem við erum í séu á engan hátt afleiðing af rangri ákvörðun okkar sjálfra. Málið er að afgreiða efnið rétt og vera áfram sinn eigin gæfu smiður sem lætur ekki svo auðveldlega bugast.

Til er saga af konu sem missti maka sinn í sjóslysi sem veiddi á fjarlægum miðum fyrir margt löngu. Konan auðvitað syrgði sinn mann og allt hennar hús með henni. Allt eðlilegt þegar skarð er höggið í raðir mannanna og dauðinn mætir og tekur menn í burtu í blóma lífsins. En sorgin vildi ekki yfirgefa hana. Áratugum seinna var konugreyið en að syrgja manna sinn og gekk um í sorgabúningi uns hún yfirgaf þessa veröld þá kominn vel við aldur. Hugsíð ykkur líðan manneskjunnar og byrðina sem hún lagði á sjálfa sig og sitt eigið hjarta og allt fólkið sem var henni nákamið og þurfti að horfa upp á alla þessa sorg blessaðrar konunnar. Engin maður er þannig séð einn. Ákvörðun okkar og lífsmáti snertir fjölda manns þegar allt er talið til. Trúið því. Þessi blessað og sorgmædda manneskja smíðaði sér ekki gæfu með ákvörðun sinni heldur ógæfu en hefði svo sannarlega getað orðið sinnar eigin gæfu smiður með því að velja rétt og leift sorgarferlinu að enda eftir sinn eðlilega tíma. Eins og líka sorginni er ætlað að gera sé allt í eðlilegum farvegi. Vissulega var hún sjálf völd að sínu ástandi og gerði með ákvörðuninni sem allir geta verið sammála um að var röng og engin gæfusmíð heldur ógæfusmíð. Slíkur er máttur ákvörðunarinnar að hún sker úr um farsælt líf eða óendanlega óhamingju.

Ef við lítum aftur í ritningaversið úr Habakukk sjáum við fljótt að þar kveður við annar tónn sem vill ekki gefast upp fyrir hrikalegum kringumstæðum. Og maður sem lofar Guð sinn uppsker líka blessun Guðs. Hvað viljum við?

Í heimstýrjöldinni 1939 til 1945 var sem kunnugt er gerður aðsúgur að Gyðingum og þeim smalað saman og geymdir í gettóum þar sem fólkið þoldi vosbúð, kulda og hungur sem felldi stóran hóp af þessu fólki. Og þá sem enn stóðu uppi var farið með í útrýmingarþúðir, sem voru nokkrar í hinum ýmsu löndum sem nasistarnir sölsuðu undir sig, og fólkið rekið inn í gasklefa og aflífað þar. Margir Gyðingar misstu allt sitt fólk og stóðu einir eftir af ættingjunum þegar hryllingurinn var afstaðin og friður aftur kominn á. Sumar fjölskyldur gersamlega þurrkaðar út í glæpaverkum nasista. Og þannig var lífið hjá einum Gyðingi sem að vísu tókst að sleppa úr Aucwtish nokkru áður en stríðinu lauk og gekk til liðs við andspyrnuna og barðist gegn herjum Hitlers undir lok seinni heimstýrjaldarinnar. Fólkið hans systkini, foreldrar, frændur og frænkur höfnuðu í gasklefunum. Eina sem eftir varð var af hans ættlegg má segja var amma sem búsett var í Bandaríkjunum. Lífið var þessum manns svo kært og lífslöngunin slík að ekkert annað komast að hjá honum en að lifa af til að segja umheiminum frá því hvað gerðist.

Að endingu flyst hann yfir hafið og til þessarar öldruðu ömmu sinnar og hittir fljótlega eftir komu sína þangað konu sem hann varð ástfanginn af og giftist. Í fyllingu tímans fæðast þeim hjónum svo börn. Dag einn sest kona hans ásmat börnunum inn í bifreið fjölskyldunnar af gerðinni Volkswagen og hyggst konan fara í verslun en lendir í bílslysi og bifreiðin hafnar utanveggar og þar á tré og í henni kviknar og eldurinn verður öllum að bana. Aftur lendir maðurinn í að missa allt sem honum var kærast og velur enn að ganga í sig sjálfan og lifa áfram án þess að láta atvikið buga sig. Hann horfði á staðreyndirnar sem blöstu við og valdi að lifa og breytti í samræmi við sitt val. Og lifði. Í sínum ógnvænlegu kringumstæðum með

staðreyndina blasandi við fyrir framan vill hann vinna rétt úr öllu saman og verða sinn eigin gæfur smiður þrátt fyrir allt.

Ákvörðun mannsins varð mörgum blessun bæði með útgáfu bókarinnar „**Ég lifi**“, sem fjallar um lífhlaup mannsins til að mynda í útrýmingarbúðunum í Auswish og kvikmyndinni „**For Those I Loved**“, sem gerð er eftir samnefndir sögu (Michael York leikur aðalhlutverkið í þessari kvikmynd) og ýmsu öðru sem maðurinn lagði stund á og varð hluti ævistarfs hans eftir að stríðinu lauk. Maðurinn sem hér er nefndur til sögunnar er Martin Gray (F. 27 apríl 1922 í Varsjá í Póllandi) sem margir ef til vill kannast við.

Við sjáum að hrikalegar kringumstæður og erfiðleikar sem maðurinn, og margir landa hans, lentu í vegna ákvörðunar annarra manna urðu ekki þess valdandi að hann léti bugast heldur þvert á móti valdi að lifa áfram og verða sinn eigin gæfu smiður með ákvörðuninni sem hann tók.

Já vinir! Lærum að velja rétt og látum af að dæma það sem við heyrum án þess svo mikið sem að reyna að skilja hvað við sé átt. Leyfum trúnni að vaxa í okkur og gerum okkur grein fyrir mætti eigin ákvörðunar bæði til góðs og ills. Vöxum í trúnni og lærum af Biblíunni sem ræður okkur heilt og segir okkur hvernig best sé að bregðast við hinu og þessu og vitum að allt getur hent alla og ekki lagt meira á einn en annan, þótt stundum virðist svo vera. Leyfum Drottni sjálfum að meta allt svoleiðis:

„Ef nokkurs má sín upphvatning í nafni Krists, ef kærleiksávarp, ef samfélag andans, ef ástúð og meðaumkun má sín nokkurs, þá gjörð gleði mína fullkomna með því að vera samhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. Gjörð ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillátir og metið aðra meira en sjálfa yður. Lítið ekki aðeins á eigin hag, heldur einnig annarra. Verið með sama hugarfari sem Jesús Kristur var. Hann var í Guðs mynd. En hann fór ekki með það sem feng sinn að vera Guði líkur. „ (Fil 2:1-6) Munum að Páll skrifar bréfið til Filippí manna í fangelsi, sem vart geta talist kjöraðstæður fyrir nokkurn manna og ekki besti staðurinn til að viðhafa uppörvandí orð til samlanda sín. En þetta gerir Páll samt að eigin vali og varð með ákvörðun sinni „sinnar eigin gæfu smiður“, og uppörvun og hvatning fyrir marga og allt til dagsins í dag með því að Orðin sem hann skrifaði lifa enn með okkur í gegnum Nýja testamentið. Engin efi leikur á að orðin sem samferðarmönnum hans voru flutt úr varðhaldinu glöddu hann engu minna heldur en mennina sem heyrðu. Og hvað er það annað en að vera sinnar eigin gæfu smiður að framkvæma það sem má verða öðrum að liði. Og hvað annað rífur mann sjálfan meira upp en vitnisburðurinn um að sannleikans orð og verk kveiktu líf í hjörtum sorgmæddrar og kannski meiddrar manneskju?

„Varpið allri áhyggju yðar á hann, því að hann ber umhyggju fyrir yður. Verið algáðir, vakið. Óvinur yðar, djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleppt. Standið gegn honum, stöðugir í trúnni, og vitið, að bræður yðar um allan heim verða fyrir sömu þjáningum. En Guð allrar náðar, sem hefur kallað yður í Kristi til sinnar eilífu dýrðar, mun sjálfur, er þér hafið þjáðst um lítinn tíma, fullkomna yður, styrkja og öfluga gjöra. Hans er mátturinn um aldir alda. Amen. „ (1Pét 5:7-11)

Gæfan liggur hvarvetna og blessunin er yfir í jafnvel hrikalegustu aðstæðum lífsins. Biðjum Guð og trúin hjálpar okkur við að nálgast Drottinn vorn sem hefur ráð undir rífi hverju og veit hvar skórinn krepur. Trúin dregur hinn trúaða að Orði Guðs sem leitast við að hughreysta hann og styrkja. Ritningavers, til að mynda, í Habakukk sem lesið var hér ofar og fleiri vers í

bæði Gamla- og Nýja testamentinu fá manninn til að þrúka og halda áfram að láta gott af sér leiða fyrir lífið, Jesú Krist og Guðsríkið sem hér er.

Guð **Tíundin. Hvað er hún?**

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„**Á maðurinn að þetta Guð, úr því að þér þrettið mig? Þér spyrjið: Í hverju höfum vér þettað þig? Í tíund og fórnargjöfum. Mikil bölvun hvílir yfir yður, af því að þér þrettið mig, öll þjóðin. Færið alla tíundina í forðabúrið til þess að fæðsla sé til í húsi mínu, og reynið mig einu sinni á þennan hátt segir Drottinn allsherjar, hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himinsins og úthelli yfir yður yfirgnæfanlegri blessun. Og ég mun hasta á átvarginn fyrir yður, til þess að hann spilli ekki fyrir yður gróðri jarðarinnar og víntréð á akrinum verði yður ekki ávaxtarlaust segir Drottinn allsherjar. Þá munu allar þjóðir telja yður sæla, því að þér munuð vera **dýrindisland segir Drottinn allsherjar.** „ (Mal 3:8-12) – hér mælir Drottinn Orð til sinna manna og fræðir þá um að rekstrakostnaður sé á húsi hans og vill að menn séu glaðir þátttakendur og hjálpi til við reksturinn og séu þar með gerendur þarna sem og annarstaðar í safnaðarstarfinu. Og auðvitað Guðsríkinu. Rekstrakostnaður fylgir kirkjulegu starfi sem ekki þarf að tíunda neitt frekar. Öllum ætti að vera þetta ljóst sem komnir eru til vits og ára og þurfa ekki annað en að horfa í eigin barm til að láta sannfærast. Allt sem við höfum í kringum okkur er þar vegna þess að greitt var fyrir úr okkar eigin vasa eða annarra. Ekkert er þannig séð frítt. Bendið á það?**

Fagnaðarerindið og trú mannsins er ókeypis en ekki það sem trúin kallar á og krefst að haft sé í kringum sig. Það kostar sitt. Fer eftir því hvað menn eru að tala um þá og þá hversu útgjöldin eru mikill. Biblían, til að mynda, er vara sem menn leggja út fyrir til að eignast. Sumir fá Biblíuna og Nýja testamentið gefins en aðrir kosta útgáfuna. Samanber Gídeon- félagið sem er stofnað til þess beinlínis að gefa Nýja testamentið og í sumum tilvikum Biblíuna. Útgáfan kostar sitt og háar upphæðir á ári hverju. Félagið lítur markaðnum þannig séð og hækkun þar bitnar á félaginu á alveg sama hátt og öðrum félögum í bókaútgáfunni og engin munur á.

Hækki rafmagnið bitnar hækkunin á söfnuðunum jafnt sem heimilunum og öðrum notendum rafmagns. Fyrirtækin mæta þessu með annað hvort framleiðsluaukningu eða hækkun þjónustu og seilist með þeim hætti ofan í veski kunnans án þess að spyrja hann fyrst hvort... og svo framvegis. Menn þekkja þetta og hafa margoft upplifað og sjá að allt kostar sitt.

Einn sjálfsagður hlutur í dag er að kveikja ljós heima hjá sér. Það kostar líkt og sá eða sú sem greiðir veit manna best en aðrir kannski ekki en yrðu samt áþreifanlega vör við yrði reikningnum ekki sinnt með greiðslu og ekki lengur unnt að tendra rafljós. Kirkjan lýtur sama lögmáli. Hún hefur ekkert forskot þarna og mundi missa frá sér rafmagnið með sínum óþægindum uns reikningurinn er gerður upp hjá rafveitunni.

En hver er ábyrgur fyrir þessari mikilvægu greiðslu? Söfnuðurinn. Á því leikur engin efi. Hann og engin annar heldur þessu gangandi og greiðir tíund til síns safnaðar. Sumir vinna í söfnuðinum, og einstaka manneskja fær greiðslu fyrir, sem er gott. Vinnuframlag eitt og sér, má vissulega reikna til vissra tekna en ætti þó aldrei að koma í veg fyrir að þessi safnaðarmeðlimur greiði ekki sitt inn í samfélagið því að vinnuframlag einstaklingsins kemur aldrei í stað beinna peninga. Menn fara sem sagt ekki inn í rafmagnsveituna með skúringarfötu og bjóðast til að skúra þar gólfíð til að dekkja

rafmagnsreikninginn. Peningar einir gilda í slíkum viðskiptum og peningarnir eru í buddu safnaðarmeðlimsins. Engra annarra. Samt eru söfnuður Guðs ekki byggður upp á sama hátt og manngerðu söfnuðir því Guð vill horfa á þarfir og getu hvers og eins. Geti einhver ekki greitt er honum hlíf og þannig af Guði skipað. Þetta sjáum við í blessaðri frumkirkjunni sem oft er vitnað til: „ **Eigi var heldur neinn þurfandi meðal þeirra, því að allir landeigendur og húseigendur seldu eign sína, komu með andvirðið og lögðu fyrir fætur postulanna. Og sérhverjum var úthlutað eftir því sem hann hafði þörf til.** „ (Post 4:34-35) – Hér er kominn fram þessi kristilega hugsun um að þótt efnahagur einhverra innan hópsins sé bágborinn, hvort sem er tímabundið eða til lengri tíma, skildi það ekki vera hindrun mannsins í að vera með. Þetta viðhorf er enn í fullu gildi. (Tek fram að þessi pistill er ekki til að leggja snöru utan um neinn heldur benda á og hvetja menn.)

Vissar staðreyndir blasa við. Í frumkirkjunni margfrægu átti engin neitt sjálfur heldur söfnuðurinn sameiginlega. Merkileg hugsun og göfug sem er ekki eins fersk hjá okkur í dag og hún þá var. Samt er hún frá Guði kominn og í gildi. Sem er kjarninn í þessu öllu saman. Við sjáum að margir lögðu í púkkið til að hópurinn væri ekki upp á neinn óviðkomandi kominn og mikilvægt að hugleiða.

Ekki er farið fram á það sem menn geta ekki gert vegna blankheita og slíkra þátta heldur er aðeins verið að benda á að allt kostar sitt og reikningar sem ekki eru greiddir og fara í vanskil í bankanum og í ferli þar eykur kostnaðinn og gerir róðurinn þyngri en ella. Söfnuðurinn er ekki undaskilin slíku ferli frekar en nokkur annar í landinu og lýtur í öllu sömu kjara og aðrir.

Mikilvægt er að menn standi sína plikt og setji sitt í púkkið til að nægur peningur sé til í sjóðum safnaðarins og hann þurfi ekki endalaust að vera með allt hjá sér í járnum en hafi þessi í stað burði til að vera blessandi sjálfur með umfram fjármagn hjá sér sem söfnuðurinn gæti svo notið góðs af og mögulega haft fleiri hjá sér á launum og greitt sínu fólki sanngjörn laun. Og hvað væri athugasemjulegt við slíkt? Ekkert. Bara frábært. Engin, ekki einn, ætti að þurfa að leggja fram vinnuframlag án þess að þiggja fyrir sitt sanngjarna þóknun. En launað fólk innan safnaðarins er ekki undaþegið því að greiða tíund af því sem það fær frekar en aðrir með mánaðartekjur.

Munum og gleymum ekki að tíundin er ekki mannaverk heldur er hún bein fyrirmæli frá sjálfum Guði og við lásam um í ritningaversinu efst. Að þverskallast við getur stafað af ýmiskonar ástæðum.

Sumir treysta því ekki að peningarnir sem þeir leggja fram fari þangað sem þeim er ætlað og afskaplega röng afstaða hjá hvort sem er mér að þér kæri vinur eða vinkona og nokkuð sem allir menn verða að losa sig við með hröðum og skjótum hætti. Hér er gott að undirstrika að tíundin er fyrirmæli skaparans en ekki verk nokkurs manns.

Málið er ekki flókið. Málið er einfalt. Allir menn vita að það er með peningum sem reikningar eru greiddir og laun, þar sem þau eru í boði fyrir starfsmenn frjálsra kirkna sem reka sig á framlögum safnaðarfólksins og er stórkostlegt að skuli vera gerlegt þó betur mætti gera til að ná fram mikilvægu yfirflæði. Mörg störf eru í boði en því miður aðeins hægt að greiða fyrir örfá. Þetta mundi breytast skiluðu menn af sér tíundinni um hver mánaðarmót. Vinir setjum okkur markmið þarna.

Í raun ætti engin að vilja koma sér undan greiðslu tíundar sjálfs síns vegna. Og það sem höfundur hefur fyrir sér hér er að menn, sem strögla, hreyfa endalaust við eigin samvisku sem gefur þeim engin grið og menn sjálfir geta sannreynt með því einfaldlega að hlusta á hvað samviskan er að segja við þá. Hvað eru ítrekaðar afsakanir manna um eign ógreiddu tíund annað en samviska sem hefur verið hreyfð og birtist í stöðugri réttlætingu eigin verka sem þó koma gegn boði Guðs sem talar á ákveðinn hátt um

tíund manna? Væru þeir ekki með hreyfða samvisku en fullvissu í staðin hefðu þeir ekkert til að afsaka sig yfir. Að blekkja sjálfan sig er rangt. Guð setti inn tíundina til að menn, sem strögla, og samviskan, tali inn í þeirra kringumstæður til lagfæringar. Annað vakir ekki fyrir samviskunni. Samviskan, vinir, er stórmerkilegt fyrirbæri. Samviskan þekkir vilja Guðs og vilji hans er skír. „**Færið alla tíundina í forðabúrið til þess að fæðsla sé til í húsi mínu.** „ Ef við viljum eiga fastan og tryggan aðgang að fæðslunni í kirkjunni er best að hætta öllu ströggli og greiða tíundina til safnaðarins og hafa eftirleiðis sem fastan punkt í tilverunni. Góð býtti.

Vilji fólk hins vegar gera meira og telji sig hafa bolmagn til frekari fjárútláta, þá meðfram hinu, er það í sjálfu sér virðingarvert og frábært, opnast því slíkur möguleiki. Og svo hitt, afskaplega mikilvægt að hugleiða, engin verður af fátækari með því að greiða tíund til söfnuð Guðs sem sjálfur hefur sagt að menn skuli einu sinnir reyna sig með þessum hætti hvort hann opni ekki flóðgáttir blessana til gjafara. Líka manna sem gáfu með ólund en gáfu samt: „**Hvað virðist yður? Maður nokkur átti tvo sonu. Hann gekk til hins fyrra og sagði: Sonur minn, far þú og vinn í dag í víngarði mínum. Hann svaraði: Það vil ég ekki. En eftir á sá hann sig um hönd og fór. Þá gekk hann til hins síðara og mælti á sömu leið. Hann svaraði: Já, herra, en fór hvergi. Hvor þeirra tveggja gjörði vilja föðurins? Þeir svara: Sá fyrri. Þá mælti Jesús: Sannlega segi ég yður: Tollheimtumenn og skækjur verða á undan yður inn í Guðs ríki.** „ (Matt 21:28-31) – Afstaða hans sem sagði í fyrstu nei en fór þó og gerði umbeðið verk gæti vel átt við um mann sem greiðir tíundina til safnaðarins þó með hundshaus sé af þeirri ástæði einni að skilja hví hún sé nauðsýnleg alveg á sama hátt og hann sem í fyrstu neitaði en sá sig svo um hönd og rumskaði og dreif sig í umbeðið verk og kannski af þeirri ástæðu að samviskan sagði við hann að verkið þyrfti að vinnast og að hans fjármagn, segjum það, væri hæft. Sjálfur hefði ágætur „Nei „ –maður Nýja testamentisins getað farið í annað verk en val hans bitnaði á verkinu sem hann var beðin um af húsbónda sínum sem áfram væri þá ógert og engum þannig séð til gagns. Verk verða að klárast til að nýtast til fulls.

Okkur, kæru vinir, má ekki standa á sama um það sem við sjálfviljug höfum gert að parti eigin lífs og reynst vel. Hefur söfnuðurinn, að dæmi sé tekið, reynst okkur neitt annað en vel sé allt skoðað með augum sanngirninnar? Verum með forganginn réttan. Það hjálpar meira til en flestum grunar:

„**Þá leit hann upp og sá auðmenn leggja gjafir sínar í fjárhirsluna. Hann sá og ekkju eina fátæka leggja þar tvo smápeninga. Þá sagði hann: Ég segi yður með sanni, þessi fátæka ekkja gaf meira en allir hinir. Hinir allir lögðu í sjóðinn af allsnægtum sínum, en hún gaf af skorti sínum, alla björg sína.** „ (Lúk 21:1-4) – Hér kemur berlega fram að Kristur sé hlynntur tíuandarfórinn. Hann veit að margt smátt gerir eitt stórt. Lítil gjöf, stór gjöf horfir hann ekki í heldur hjartalagið. Vel má ímynda sér að hjarta blessaðrar fátæku ekkjunnar hafi verið glatt jafnvel þó að hún hafi vel vitað að ekki væri það nú mikið sem hún legði fram en eina sem til var. Í alltént það skipti. Sitt litla vildi hún gefa í Guðsríkið. Verkið gladdi Drottinn og varð til þess að ekkjan með eyrinn sinn lifir með okkur fram til dagsins í dag og hefur gert allar götur síðan atburðurinn átti sér staða og mennirnir, sem rituðu Guðspjöllin, festu á blað og spjöld sögunnar.

Glaður gjafari er Guði ævinlega velþóknanlegri en hin sem gefur með ægilegum fýlusvip á andlitinu og finnst mesta sóun í að gefa pening til safnaðarins en gefur samt. Báðir glöddu Guð en sá glaði þó meira. Munum það. Guði veit að glaður gjafari gefur fyrst og fremst af eigin trú, mikilvægt atriði, og skilur líka mikilvægi þess að fjármagn þarf til svo að starf haldist opið en lognist ekki út af. Sem vel gæti gerst og hefur oftsinnis skeð. Störf hætta af ýmsum ástæðum. Fjarskortur er eitt af þessu og gæti verið hvatning til manna um að standa sig í tíundinni og að treysta fólkinu sem leiðir.

Auðvitað eru margir sem alltaf hafa verið trúfastir í tíund og ekki verið að fjalla neitt um þá né skjóta á einstaklinga með bréfkorni þessu heldur að menn almennt taki sér taki og viti að allt kostar fjármagn. Líka að sjá um söfnuð. Þó Guðsverk sé. Menn heimsins að vísu fagna og hlæja og gefa hverjir öðrum gjafir er Guðs verk hættir. Hjarta Guðs hins vegar grætur. Hætti Guðs verk er það ævinlega af uppgjöf manna en ekki því að Guð hafi að fyrra bragði stigið til hliðar. Guð vinnur ekki þannig. Trúið þessu. Drottin sér ekki eftir neinu sem hann hefur gert og ekki heldur að kalla fólk.

Tíundagreiðslan er afskaplega mikilvæg og raunverulega daglegt bænarefni til Guðs sem er fær um að leiða fólk fyrir sjónir með réttum hætti allt svona lagað. Og það hættir að líta tíundina sem sníkjur og betl er baukurinn berst til þeirra en fer þess í stað að horfa á verknaðinn sem mikilvægan hlekk í mikilvægri keðju og á eigin liðsveislu í að starfsemin stækki og dafni með aukin burð til allskonar framleiðslu fræðsluefnis handa fólk, því til uppbyggingar og styrkingar trúarinnar og launagreiðslna starfsmanna sem hingað til hafa unnið allt sem þarf í sjálfboðavinnu. Framleiðsla fræðsluefnis er ekki ókeypis. Vinnan gæti verið það. Innan safnaðanna er harðduglegt fólk og margir viljugir til sérhvers góðs verks.

Sjálfboðaliði sem, segjum, er tilbúinn í að sinna gerð fræðsluefnis að fyrir hann er mikilvægt að ganga með verkið alla leið en fær ekki gerst nema með fjármagni. Hann ætti, væri allt eðlilegt, ekki að þurfa að leggja neitt úr eigin vasa í verkið en gerist oftar en ekki. Við sjáum að sjóðir þurfa að vera til og í eigu safnaðarins sem mætir slíkum þarfa verkefnum en gerist ekki nema með tíundagreiðslunni. Söfnuður hefur enga aðra peninga en þessa, í svona stórum dráttum.

Hvernig sem við lítum málið er ljóst að tíundin sé í alla staði mikilvægur hlekkur í starfsemi safnaðar sem engin safnaðarmeðlimur ætti að ljá máls á öðru en að vera beinn þátttakandi í og líka getur, stundi hann launaða vinnu. „ **Færið alla tíundina í forðabúrið til þess að fæðsla sé til í húsi mínu, og reynið mig einu sinni á þennan hátt segir Drottinn allsherjar, hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himinsins og úthelli yfir yður yfirgnæfanlegri blessun.** „

Allt kostar sitt og Guð hefur sama háttinn á með sínar eignir og aðrir þurfa að gera. Og hvað gerist með hús sem enga umhirðu fær né viðhald? Húsið fúnar, skemmist og grotnar niður og eyðileggst og umbreytist fúaspæk sem menn forðast orðið að fara inn í af slysaþættunni einni saman. Sama gildir um hirðulaust Guðshúsið sem fær ekki viðhald. Guð setur sína undir sama hatt og aðra og gefur sín fyrirmæli um hvernig skuli gert. Tíundin er frá Guði en ekki neinum manni. Þetta er gott að hafa hugfast þegar menn hugleiða málaflokkinn tíund. Menn taki því fram budduna og gefi sína tíund í trú um að peningarnir fari þangað sem ætlast er til og efist ekki. Óheiðarleikin gengur enda ekki sigrandi frá þessu borði frekar en öðrum borðum heldur heiðarleikin. Lærum að treysta fólk. Hvað segir ekki Guð um að treysta öðrum?: „ **Svo segir Drottinn allsherjar: Dæmið rétta dóma og auðsýnið hver öðrum kærleika og miskunnsemi.** „ (Sak 7:9) - Vantraust er oft skírt merki um skemmd í hjartanu sem þarfnast lækningar frá honum sem er höfundur og eigandi tíundar fólksins. Aðili sem ber vantraust í sínu hjarta hefur oft brennt sig án þess þó að meta ævinlega allt rétt sem í kringum sig sé og oft ástæðan fyrir því að menn vilji ekki greiða tíund. Slík afstað til safnaðarins er afleitt viðhorf og er afskaplega mikilvægt að breytist og líka gerist komist Jesú að með lækninguna og útskýringuna á mikilvægi verksins. Og maðurinn gefur sitt og fer svo að treysta öðrum. Sem er betra en endalaust vantraustið og vonbrigðin með annað fólk. Og hjartanu líður og betur. Aftur skal áréttað að ekki er verið að benda á eitthvað tiltekið atriði heldur tala almennt um tíundina. Allir vita sem til þekkja að hún er ákveðið vandamal í þessum söfnuðum og hefur lengi verið. Engin ný sannindi eru sett fram hér:

„ Og vér, prestarnir, levítarnir og lýðurinn vörpuðum hlutum um viðargjöfina, um að færa viðinn í musteri Guðs vors eftir ættum vorum á tilteknum tíma á ári hverju til þess að brenna honum á altari Drottins Guðs vors, eins og fyrir er mælt í lögmálinu. Vér skuldbundum oss og til að færa frumgróða akurlands vors og frumgróða allra aldina af hvers konar trjám á ári hverju í musteri Drottins, og sömuleiðis frumburði sona vorra og fénaðar, eins og fyrir er mælt í lögmálinu, og að færa frumburði nauta vorra og sauðfjár í musteri Guðs vors, til prestanna, er gegna þjónustu í musteri Guðs vors. Frumgróðann af deigi voru og fórnargjöfum vorum og aldinum allra trjáa, aldinlegi og olíu viljum vér og færa prestunum inn í herbergi musters Guðs vors og levítunum tíund af akurlandi voru, því að þeir, levítarnir, heimta saman tíundina í öllum akuryrkjuborgum vorum. Og prestur, Aronsniði, skal vera hjá levítunum, þá er þeir heimta saman tíundina, og levítarnir skulu færa tíund tíundarinnar upp í musteri Guðs vors, inn í herbergi féhirslnnar. „ (Neh 10:34-38) – Hér kemur skírt fram að menn skuldbundu sig með ákveðnum hætti til að unnt væri að sjá um rekstur helgidómsins. Þetta gildi um hvern og einn mann söfnuðinum tilheyrandi. Allir áttu að vera með í þessu, eins og segir í Malakí, til að fæðsla væri í húsi Guðs. Hér er ekki átt við mat fyrir magann heldur fræðsluna fyrir anda mannsins sem á sinn hátt er fæða, séð með augum Biblíunnar. Kirkjan framber fæðu sem styrkir trú fólks. Í henni liggur köllun kirkjunnar. Drottinn vill tryggja að mönnum standi ávallt til boða fræðsla en vill að menn leggi sjálfir sitt fram með fúsleika sem öndvert gleður.

Í Nehemíabók kemur meira fram. Fyrirmælin frá Guði hljóða upp á að tíund af tíund fólksins renni í féherslur í musteri Guðs. Og er þá líklega átt við að safnað skuli í sjóð til að grípa í ef á þarf að halda. Eins og alltaf getur komið upp. Sé allt rétt gert og eins og Guð leggur til sjáum við að aldrei ætti að þurfa að skorta neitt í ranni Guðs og alltaf að vera til nægir peningur til að greiða allt sem þarf og gott betur. Þannig verður til yfirflæði sem margir þurfsandi munu blessast af í framtíðinni. Kirkjan er ekki fyrir sig sjálfa heldur fólkið og inn í skipulagi Drottins.

Mikilvægt er fyrir Guðs menn að þeir leggi við hlustir og hlusti eftir hver sé vilji hans. Og þeir sjá hurðina sem opnaðist og bendingu Drottins um að stíga inn fyrir. Þar er yfirflæði blessanna.

Tíundin er framlag mitt til safnaðarins sem ég tilheyr. Slæmt er komi tíundin af nauðung og betra að verkið sé unnið með gleði og þeirri fullvissu og í þeim sannleika að kostnaður fylgir rekstri húnsæðis undir söfnuð. Allir greiði sitt og fjarhagsstaða safnaðarins verður blómleg og söfnuðurinn í stakk búin að útdeila til þurfsandi manna og kvenna sem nóg er til af í kringum okkur sem og innan eigin raða. Kirkja Guðs sé þetta, og vitaskuld meira til.

En fljótt í sögunni komu fram brestir í mikilvægt samstarfið. Vondir brestir. Við munum eftir Ananíás og Safaríá sem brugðust og tóku nokkuð af fénu fyrir sig sjálf en höfðu áður ákveðið eins og hinir að gefa allt sitt og leggja í sameiginlegan sjóð sem yrði deilt úr eftir þörfum hvers og eins. Upp komst um verknadinn og bæði dóu með örstuttu millibili. Heitið var nefnilega gert andspænis Heilögum Anda og menn ljúga ekki að honum nema einu sinni. En þau blessunin fengu sitt tækifæri á að iðrast og bjarga lífi sínu en gerðu ekki og dóu bæði. Hjartað fólksins gerðist orðið hart og ósveigjanlegt. Vond staða og skelfileg en það sem átti sér stað í frumkirkjunni og Nýja testamentið greinir frá á einum stað í Postulasögunni, hinu stórmerka bréfi sem eignað er Lúkasi, lækni (var það ekki?) sem var samferðarmaður Páls postula.

Þar sem ríkið kemur ekki að rekstri frjálssu safnaða, nema að litlu leiti, er hin leiðin farin að láta söfnuðinn sjálfan annast um sinn rekstur, sem er gott. Málið er að ábyrgð fylgir skráningu í söfnuð og safnaðarmeðlimir sjálfir í raun og veru skuldbinda sig til að vera með eins og þarf. Engin er samt

svínbeygður til eins né neins. Allt skal gert í friði og sátt og einkenna allt Guðs verk á jörðinni. Menn hafi það hugfast.

Fólkið sem leiðir getur þó gert kröfu á meðlimi um tíundina kæri það sig um. Sú leið er þó oftast farin að hvetja menn og ætlast til að þeir komi sjálfviljugir með sitt og er alveg í anda Jesú sem ævinlega fer fyrst mildu leiðina að fólki. Hann vill engan mann þvinga en er samt á vappi í kringum þá og hvetur til að opna veskin sín og færa tíundina í sjóði viðkomandi safnaðar sem hann valdi sjálfviljugur og vill tilheyra. Með innskráningunni öðlast hann vissan eignarrétt og öllum eignarrétti fylgja kvaðir, ef svo má segja, um til að mynda fjárframlög. Drottinn er ekki furðulegur Guð sem lætur peningum rigna af himni ofan né plantar peningatrjám á lóð safnaðarins heldur er hann jarðfastur og höfðar til sinna manna og kvenna og þráir að menn skilji og festi sér í minni að kostnaður fylgir eignum og allri kristilegri starfsemi. Að fá greitt allt sem þarf og á réttum tíma er blessun og mikill léttir sem fær tíundarfólk til að finnast það eiga svoltinn part í þessu öllu saman. Ekki er samt svo að skilja að safnaðarmeðlimur sem yfirgefur sinn gamla söfnuð hafi rétt til að taka eitt né neitt með sér út er hann fer. Ástæður slíkrar ákvörðunar fólks eru margvíslegar og jafn margar mönnunum og ekkert meira er um að segja. „Eignarrétturinn „ hins vegar fylgir manneskjunni svo lengi sem hún tilheyrir starfinu og er skráður meðlimur en líkur við útskráninguna. Svona einfaldlega, og kæru vinir, er í stakkinn búið. Og eru ekki lög landsins svona? Gott ef ekki er.

Lifið heil í Jesú nafni. Amen.